



Sjúkrahúsið á Akureyri

Ársrit 2010

Efnisyfirlit

Fylgt úr hlaði	3
Skipurit	4
Í hverjum mánuði	5
Stjórnendur	6
Þættir úr starfseminni	8
Nýjungar í starfseminni	13
Birtar vísindagreinar	17
Litið um öxl til áraanna 2005-2010:	19
Markvert á árinu:	21
Ársreikningur	23
Áritun forstjóra	24
Áritun óháðs endurskoðanda	24
Rekstrarreikningur ársins 2009	25
Efnahagsreikningur 31. desember 2010	26
Reikningsskilaaðferðir og skýringar	27
Rekstrarkostnaður deilda	28
Samandreginn rekstrarreikningur á fjárlaganúmer	29
Samanburður rekstrar og áætlunar	30
Tölulegar upplýsingar	31
Heiti deilda sem táknuð eru með bókstöfum	34

Útgefandi: Sjúkrahúsið á Akureyri

Ábyrgðarmaður: Halldór Jónsson, forstjóri

Umsjón og textagerð: Sjúkrahúsið á Akureyri og FREMRI Almannatengsl

Prófarkalestur: FREMRI Almannatengsl

Myndir: FREMRI Almannatengsl / Íris Hrönn Kristinsdóttir

Umbrot og prentvinnsla: Ásprent

Fjölmargt hefur áunnist


Í riti þessu er fjallað um valda þætti úr starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri (FSA) í máli og myndum. Það er von mín að umfjöllunin gefi lesendum innsýn í það öfluga og margþætta starf sem hér er unnið. Þeir sem vilja fræðast nánar um starfsemi einstakra deilda, skýrslu framkvæmdastjórnar og helstu ráða sjúkrahússins geta nálgast eiginlega ársskýrslu stofnunarinnar í netútgáfu á slóðinni www.fsa.is. Ég hvet sem flesta til að kynna sér efni hennar ekki síður en þessa ársrits.

Það fjármálaumhverfi sem ríkt hefur hér á landi frá bankahruninu haustið 2008 setti mark sitt á starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri. Á aðeins tveimur árum hafa útgjöldin verið lækkuð um ríflega hálfan milljarð króna og í fjárlögum ársins 2011 voru fjárveitingar til FSA skertar þriðja árið í röð. Krafan um niðurskurð og sparnað á öllum sviðum er rík og við henni hafa stjórnendur og starfsfólk sjúkrahússins þurft að bregðast. Áframhaldandi samdráttur varð því í starfsemi. Engu að síður var sótt fram á ýmsum sviðum á árinu eins og frekast var kostur.


Framtíðarsýn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri 2005-2010 var kynnt á ársfundi árið 2005 og staðfest af þáverandi heilbrigðisráðherra. Þar segir m.a. að takmark okkar sé „að viðhalda stöðu okkar sem virt heilbrigðisstofnun sem leitað er til vegna góðrar sérfræðipækkingar, þverfaglegs samstarfs, aðbúnaðar, persónulegrar þjónustu og skamms biðtíma.“ Þar segir líka að við ætlum okkur „að vera leiðandi í samstarfi og samræmingu milli heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni og vera í fremstu röð í notkun upplýsingatekni til að auka skilvirkni og öryggi í allri starfsemi með sérstakri áherslu á sjúkraskrárkerfi, myndgreiningarkerfi og fjarlækningar.“ Á sama tíma voru settar fram stefnumarkandi lykilaðgerðir sem vinna skyldi að á tímabilinu. Efnahagshrunið haustið 2008 hefur vissulega haft mikil áhrif á framvindu stefnunnar, vegna skertra fjárheimilda. Engu að síður hefur fjölmargt áunnist og ljóst að vel hefur til tekist að mjög mörgu leyti, eins og farið er yfir á öðrum stað í ársritinu. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum starfsmönnum FSA þeirra þátt í því.


Í lok þess skjals, sem ég hef vitnað til, segir orðrétt. „Framtíð okkar felst í að vera framsækinn og eftirsóknarverður vinnustaður sem hefur á að skipa starfsfólki með góða þekkingu og faglegan metnað og skapa hvetjandi umhverfi til rannsókna og þróunar.“ Þau orð eru í enn fullu gildi. Svo lengi sem Sjúkrahúsið á Akureyri verður eftirsóttur vinnustaður og hefur á að skipa hæfu og góðu starfsfólki eru engu að kvíða um framtíð þess.

Að lokum vil ég geta þess að út þetta ár mun ég sinna sérstökum verkefnum fyrir velferðarráðuneytið og verð síðan í námsleyfi árið 2012. Ég mun því ekki snúa til starfa minna að nýju fyrir Sjúkrahúsið á Akureyri fyrr en í ársbyrjun 2013. Þorvaldur Ingvarsson mun gegna starfi forstjóra sjúkrahússins þennan tíma. Ég óska honum og öðru starfsfólki FSA velfarnaðar í starfi og vona að byrlega blási í seglin á komandi árum.


Halldór Jónsson, forstjóri

Þema ljósmynda í ársritinu að þessu sinni:
Almennt úr starfsemi.





Í hverjum mánuði voru að meðaltali:*

69	aðgerðir á bæklunardeild
50	aðgerðir á handlækningadeild
18	augnaðgerðir gerðar
649	bakteríurannsóknir gerðar
83	blandanir á krabbameinslyfjum í apóteki
106	brjóstamyndatökur gerðar
142	bækur og tímarit lánuð af bókasafninu
43	börn fædd á kvennadeildinni
202	börn sem komu á barnadeild
143	einstaklingar að fá þjónustu dag- og göngudeildar lyflækninga
8	einstaklingar lagðir inn á öldrunarlækningadeild
43	einstaklingar sem innritunarmiðstöð þjónaði
1.025	einstaklingar sem komu á slysa- og bráðamóttöku
806	Fullunnin sýnagler send til smásjárskoðunar
80	heimsóknir í áhættumæðravernd
13	helgistundir haldnar
42	innlagnir á gjörgæsludeild
253	innlagnir á lyflækningadeild
10	innlagnir á öldrunarlækningadeild
14.580	kíló af þvotti send í þvottahús
376	komur á dag- og göngudeild geðdeildar
79	komur til læknis hjá barna- og unglíngageðdeild
53	krabbameinslyfjagjafir á dag- og göngudeild lyflækninga
7.900	máltíðir afgreiddar í borðstofu starfsmanna
780	meðferðir veittar af iðjuþjálfum
1.660	meðferðir veittar af sjúkrapjálfurum
271	milljón króna greidd í laun og launatengd gjöld
36	milljónir króna notaðar til lyfjakaupa
1.940	rannsóknir gerðar á myndgreiningardeild
18.650	rannsóknir gerðar á rannsóknadeild
37	sjúkraflug farin frá Akureyri
37	skoðanir vegna forburðarskimunar
18	skráð atvik
223	skurðaðgerðir gerðar á svæfinga- og skurðeildum
118	speglanir gerðar á speglunardeild
109	tímaritsgreinar sendar rafrænt innanhúss frá bókasafni
10.000	tonn af heitu vatni notuð hjá FSA Eyrarlandsvegi
320	tölvusneiðmyndarannsóknir gerðar
208	úrlestrar á hjartaritum
14	viðtöl og fundir með stuðningsteymi starfsmanna

*Starfsemistölum ársins jafnað á 12 mánuði

Forstjóri:

Halldór Jónsson

Framkvæmdastjórn:

Forstjóri:	Halldór Jónsson
Framkvæmdastjóri fjármála og reksturs:	Vignir Sveinsson
Framkvæmdastjóri hjúkrunar:	Ólína Torfadóttir
Framkvæmdastjóri lækninga:	Sigurður E. Sigurðsson frá 7/1 Þorvaldur Ingvarsson til 6/1

Starfsmannabjónusta:

Starfsmannastjóri:	Bjarni Jónasson
Starfspróunarstjóri:	Þóra Ákadóttir

Gæðamál:

Verkefnastjóri gæðamála:	Sigríður Sía Jónsdóttir
--------------------------	-------------------------

Stjórnendur deilda:

Apótek:	Hilmar Karlsson, forstöðumaður
Augnlækningadeild:	Anna Lilja Filipsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri Ragnar Sigurðsson, yfirlæknir
Barna- og unglíngageðdeild:	Páll Tryggvason, yfirlæknir
Barnadeild:	Aðalheiður Guðmundsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri Andrea Andrésdóttir, yfirlæknir
Bæklunardeild:	Anna Lilja Filipsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri Ari H. Ólafsson, forstöðulæknir frá 15/9 Júlíus Gestsson, forstöðulæknir til 14/9
Deild kennslu og vísinda:	Hildigunnur Svavarsdóttir, forstöðumaður
Bókasafn:	Ragnheiður Kjærnested, forstöðumaður
Eldhús:	Anna Rósa Magnúsdóttir, forstöðumaður
Endurhæfingardeild:	Gígja Gunnarsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri Ingvar Þóroddsson, yfirlæknir
Iðjuþjálfun:	Hafdis Hrönn Pétursdóttir, forstöðuiðjuþjálfari
Sjúkraþjálfun:	Lucienne Hoeve, forstöðusjúkraþjálfari
Geðdeild:	Bernard Gerritsma, hjúkrunardeildarstjóri Sigmundur Sigfússon, forstöðulæknir Pétur Maak Þorsteinsson, forstöðusálfræðingur
Dag- og göngudeild geðdeilda:	Árni Jóhannesson, yfirlæknir Bernard Gerritsma, hjúkrunardeildarstjóri
Gjörgæsludeild:	Girish Hirlekar, forstöðulæknir Selma Dröfn Ásmundsd. hjúkrunardeildarstjóri Sigurður E. Sigurðsson, yfirlæknir til 6/1
Handlækningadeild:	Anna Lilja Filipsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri Shree Datye, forstöðulæknir Valur Þór Marteinson, yfirlæknir
Háls-, nef- og eyrnadeild:	Anna Lilja Filipsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri Friðrik Páll Jónsson, yfirlæknir
Kvennadeild:	Alexander Kr. Smárason, yfirlæknir Ingibjörg H. Jónsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri
Lyflækningadeild:	Jón Þór Sverrisson, forstöðulæknir Margrét Þorsteinsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri Friðrik E. Yngvason, yfirlæknir til 31/3

<i>Dag- og göngudeild lyflækninga:</i>	Herdís M. Júlíusdóttir, hjúkrunardeildarstjóri
<i>Rannsóknastofa í lífeðlisfræði:</i>	Gunnar Þór Gunnarsson, yfirlæknir
	Sigurbjörg Sigurðardóttir, deildarstjóri
Læknaritarar:	Sigríður Jónsdóttir, forstöðulæknaritari
Meinafræðideild:	Hildur Halldórsdóttir, yfirlifeindafræðingur
Myndgreiningardeild:	Orri Einarsson, forstöðulæknir
	Elvar Örn Birgisson, yfirgeislafræðingur
Rannsóknadeild:	Ólöf Sigurðardóttir, yfirlæknir
	Guðlaug H. Ísaksdóttir forstöðulifeindafræðingur
Sjúkraflug:	Björn Gunnarsson, læknisfræðilegur forsvarsmaður
Sjúkraflutningaskólinn:	Hildigunnur Svavarsdóttir, skólastjóri
Skrifstofa fjármála:	Gísli Aðalsteinsson, forstöðumaður
Skurðeild:	Anna Margrét Tryggvadóttir, hjúkrunardeildarstjóri
	Sigurður Albertsson, yfirlæknir
<i>Dauðhreinsunardeild:</i>	Anna Margrét Tryggvadóttir, hjúkrunardeildarstjóri
Slysa- og bráðamóttaka:	Jónas Logi Franklín, yfirlæknir frá 15/9
	Ari H. Ólafsson, yfirlæknir til 14/9
	Hulda Ringsted, hjúkrunardeildarstjóri
Speglunardeild:	Herdís M. Júlíusdóttir, hjúkrunardeildarstjóri
	Nick Cariglia, yfirlæknir
Svæfingadeild:	Girish Hirlekar, forstöðulæknir
	Sólveig B. Skjaldardóttir, hjúkrunardeildarstjóri frá 1/10
	Pórunn Birnir, hjúkrunardeildarstjóri til 30/9
	Björn Gunnarsson, yfirlæknir
Trúarleg þjónusta:	Guðrún Eggertsdóttir, forstöðumaður
Tækni- og innkaupadeild:	Alexander Pálsson, forstöðumaður
	Hannes Reynisson, yfirmaður húsumsjónar
<i>Húsumsjón:</i>	Hrafnhildur Gunnarsdóttir, yfirmaður saumastofu
<i>Saumastofa:</i>	Árni Óðinsson, tæknifulltrúi
<i>Tæknideild:</i>	Elísabet Gestsdóttir, innkaupafulltrúi
<i>Vörulager:</i>	Oddný S. Snorraddóttir, forstöðumaður frá 1/10
Tölvu- og upplýsingatæknideild:	Snæbjörn Friðriksson, forstöðumaður til 30/9
	Arna Rún Óskarsdóttir, yfirlæknir
Öldrunarlækningadeild:	Rósa Þóra Hallgrímsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri

Fastanefndir og ráð:

Atvikanefnd:	Bjarni Jónasson, formaður
Áfallateymi:	Sigmundur Sigfússon, formaður
Eftirlitsnefnd með aðgengi að og notkun á sjúkraskrá:	Alma Ágústsdóttir, formaður
Endurlífgunarráð:	Hildigunnur Svavarsdóttir, formaður
Gæðaráð:	Oddur Ólafsson, formaður
Hjúkrunarráð:	Sigríður Sía Jónsdóttir, formaður
Jafnréttisnefnd:	Ragnheiður Kjærsted, formaður
Nýtingarnefnd húsnæðis:	Sigurður E. Sigurðsson, formaður
Lyfjanefnd:	Magnús Stefánsson, formaður
Læknaráð:	Gróa B. Jóhannesdóttir, formaður
Síðanefnd:	Sigmundur Sigfússon, formaður
Stuðningsteymi starfsmanna:	Valgerður Valgarðsdóttir, formaður
Sýkingavarnanefnd:	Sigurður E. Sigurðsson, formaður
Öryggisnefnd:	Ólína Torfadóttir, formaður

Minni umsvif í rekstrinum



Það fjármálaumhverfi sem ríkt hefur hér á landi frá bankahruninu haustið 2008 setti mark sitt á starfsemi Sjúkrahússins á Akureyri annað árið í röð. Á aðeins tveimur árum hafa útgjöldin verið lækkuð um ríflega hálfan milljarð króna. Krafan um niðurskurð og sparnað á öllum sviðum er rík og við henni hafa stjórnendur sjúkrahússins þurft að bregðast.

Fjárveiting til FSA var lækkuð að raungildi um 5,2% frá árinu áður eða um 206 milljónir króna. Þessari lækkun varð ekki mætt að fullu nema með því að gera breytingar á starfseminni. Áframhaldandi samdráttur varð því í starfseminni á ýmsum sviðum, bæði vegna skipulagðs samdráttar í skurðstarfsemi og einnig vegna minnkandi eftirspurnar eftir þjónustu. Ennfremur er áhyggjuefni að fresta hefur þurft brýnum endurbótum á húsnæði einstakra deilda vegna fjárskortis.

Árið einkenndist af auknu umfangi í bráðastarfsemi sjúkrahússins, allt frá upphafi sumarlokunar og út árið. Skorið var niður um allt að 30% í afleysingum fyrir nær allar starfsstéttir innan stofnunarinnar og því varð álag á starfsfólk mjög mikið yfir sumarleyfistímamann og því ekki jafnvægi á milli mönnunar og verkefna. Meiri hreyfing var í starfsmannahaldi en áður og er það bein afleiðing af þeim aðgerðum sem gripið var til í sparnaðarskyni og snerta hag starfsfólks.

Þrátt fyrir yfirstandandi efnahagsörðugleika sóttu stjórnendur og starfsfólk sjúkrahússins fram á ýmsum sviðum á árinu eins og frekast var kostur. Þar má m.a. nefna að ráðist var í gagngerar endurbætur á rannsóknadeild og ný tæki tekin í notkun þar. Tækjabúnaður sjúkraflugs var sömuleiðis aukinn til muna og er það fagnaðarefni. Rafrænar sjúkraskrár heilbrigðisstofnana á Norðurlandi voru sameinaðir í einn grunn og þar með geta heilbrigðisstarfsmenn á Norðurlandi skoðað og skráð upplýsingar í sameiginlegt sjúkraskrárkerfi. Þá var nýtt rannsóknakerfi innleitt á vordögum.

Fjármál og rekstur

Áframhaldandi aðhaldsaðgerðir og sparnaður í ríkisútgjöldum settu mark sitt á fjárhag og starfsemi FSA á árinu. Lækka þurfti útgjöld um rúmar 200 milljónir króna og var það gert með því að draga úr skurðstarfsemi og lengja samdráttartímabil yfir sumartímamann. Áætlanir stóðust að mestu og var reksturinn í jafnvægi fyrir árið í heild.

Á árunum 2009 og 2010 hafa útgjöld verið lækkuð samtals um rúmlega hálfan milljarð króna, sem fyrr segir. Fjárveiting til FSA var lækkuð að raungildi um 5,2% eða 206 milljónir króna. Þessari lækkun var mætt með því að draga úr skurðtíma um 20%, lengja samdráttartímabil yfir sumarmánuðina og minnka verulega ráðningar starfsmanna í afleysingar. Jafnframt var allra leiða leitað til að lækka kostnað án þjónustuskerðingar. Óskað var eftir tillögum deilda um lækkun á kostnaði og skilaði það verulegum árangri. Að tilhlutan ríkisstjórnar var sett af stað miðlægt verkefni sem laut að því að fá fram tillögur almennra starfsmanna um hagræðingu og umbætur í rekstri. Það leiddi til fjölmargra ábendinga sem margar hverjar komu til framkvæmda á árinu. Að kröfu fjármálaráðuneytisins voru felldar niður fastar greiðslur fyrir akstur og greiðslu dagpeninga á ferðalögum innanlands hætt. Föst yfirvinna og stjórnunarálag voru skert. Þá var horft sérstaklega til þess að ná fram lækkun á vörum og aðkeyptri þjónustu. S-merkt lyf voru greidd að fullu af Sjúkratryggingum Íslands og voru ekki talin með í rekstrarreikningi.

Laun og launatengd gjöld námu samtals 3.251 milljón og lækkuðu um 1% miðað við fyrra ár. Breytileg yfirvinna hækkaði að raungildi um 4% en á móti kom lækkun á fastri yfirvinnu. Launakostnaður í árslok varð 23 milljónum króna yfir áætlun eða sem svarar 0,7%. Setnar stöður á árinu voru að meðaltali 448,3 og fækkaði þeim um 16 frá árinu á undan. Að teknu tilliti til breytinga á stöðuheimildum var meðaltalshækkun heildarlauna 4,4% á milli ára en til samanburðar var hækkun á launavísitölu opinberra starfsmanna 1,9%. Heildarfjárhæð



”
Krafan um niðurskurð og sparnað á öllum sviðum er rík og við henni hafa stjórnendur sjúkrahússins þurft að bregðast.

“

greiddra launa nam samtals 2.589 milljónum króna. Meðallaun á hverja stöðu eru því 5,8 milljónir á ári. Á árinu störfuðu 793 einstaklingar á stofnuninni og fækkaði þeim um 137 á milli ára. Karlar voru 145 en konur 648 og eru þær því um 82% starfsmanna, sem er svipað hlutfall og verið hefur. Frá árinu 2008 hefur stöðum fækkað um 39 að meðaltali.

Almenn rekstrargjöld námu 1,3 milljörðum króna á árinu og fóru 33 milljónir fram úr áætlun eða 2,6%, þrátt fyrir hagstæða gengis- og verðlagsþróun. Ástæður hækkunar voru meðal annars aukinn lyfjakostnaður og aukin aðkeypt sérfræðipjónusta. Hins vegar náðist fram töliverð lækkun á kostnaði við rannsóknir.

Sértekjur námu 519 milljónum króna og voru 14 milljónum yfir áætlun eða 2,9%. Það skýrist m.a. af tilfallandi sölu á tækjabúnaði, seldri þjónustu og endurgreiðslu kostnaðar vegna samstarfsverkefnis við erlenda aðila (NPP). Einnig urðu vaxtatekjur hærri en áætlað var.

Tekjuhali ársins varð 5 milljónir króna, eða 0,1% miðað við fjárveitingu. Halli á rekstrargrunni án framkvæmdaliða (tækjakaup og meiriháttar viðhald) varð um 40 milljónir. Heildarútgjöld vegna reksturs FSA á árinu voru 4.728 milljónir króna samanborið við 4.672 milljónir árið á undan og hækkuðu því um 1% á milli ára. Í árslok var eigið fé jákvætt um 58,4 milljónir króna.

Starfsemi

Áframhaldandi samdráttur varð í starfseminni á ýmsum sviðum, bæði vegna skipulagðs samdráttar í skurðstarfsemi og einnig vegna minnkandi eftirspurnar eftir þjónustu, sem fyrr segir. Sjúklingar (dvalir án nýbura) á legudeildum voru 5.253 á árinu og er það fækkun um 1,9%. Komur á dagdeildir að meðtöldum nýburum voru 6.829 og er það fjölgun um 13%. Legudagar á legudeildum og komur á dagdeildir voru samtals 34.663 og nemur fækkunin um 4%. Skurðaðgerðir voru 2.678 og fækkaði um 14% á milli ára. Gerð var 241 gerviliða- aðgerð eða 15 fleiri en árið á undan. Þar af

voru 80 aðgerðir gerðar skv. samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Meðallegutími var 4,9 dagar, samanborið við 5,6 daga árið 2009. Fæðingum fjölgaði úr 446 í 515 eða um 15%.

Komur á slysadeild voru 12.308 sem er nær óbreytt tala frá fyrra ári. Einingar vegna ferliverka voru 720 þúsund á móti 830 þúsund einingum árið áður. Fjöldi speglana var nánast óbreyttur. Almennum rannsóknum fækkaði um 3%, myndgreiningum um 3% og flestum öðrum rannsóknum fækkaði einnig. Fjöldi speglana var þó nánast óbreyttur.

Framkvæmdir og tækjakaup

Meðal framkvæmda á árinu voru endurbætur á húsnæði á rannsóknadeild, kvenna-deild og lyflækningadeild fyrir alls um 22 milljónir króna. Þá fékkst sérstök 60 milljóna króna fjárveiting til atvinnuskapandi viðhaldsframkvæmda og var henni varið til að ljúka endurbótum á húsnæði legudeilda á Kristnesspítala og til að endurnýja lagnir í elsta byggingarhluta sjúkrahússins sem er frá árinu 1953.

Stofnkostnaður, þ.e. kaup á stærri tækjum og búnaði, lækkaði um 13% á milli ára, m.a. vegna styrkingar krónunnar. Í gildi eru þrjár rekstrarleigusamningar um myndgreiningartæki og hafa útgjöld vegna þeirra hækkað verulega í kjölfar hrunsins. Samtals námu greiðslur á árinu vegna þessara samninga um 83 milljónum en fjárveiting til stofnkostnaðar var aðeins 78 milljónir. Ekkert fé var því til ráðstöfunar af fjárlögum til endurnýjunar tækja eða kaupa á nýjum. Við gerð áætlunar voru því fluttar 40 milljónir af fjárlagaliðnum „meiriháttar viðhald“ til að mæta þeirri þörf. Minniháttar eignakaup námu samtals 25 milljónum króna.


Á árinu bærust Gjafasjóði um 70 gjafaframlög, samtals um 100 milljónir. Stærstur hluti þeirrar upphæðar var til kominn vegna tveggja framlaga, annars vegar gjöf að upphæð 45 milljónir frá einstaklingi, en þar mun vera um að ræða „stærstu“ gjöf einstaklings frá upphafi. Hins vegar var um að



”

Rafrænar sjúkraskrár heilbrigðisstofnana á Norðurlandi voru sameinaðir í einn grunn og þar með geta heilbrigðisstarfsmenn á Norðurlandi skoðað og skráð upplýsingar í sameiginlegt sjúkraskrárkerfi.

“





ræða erfðagjöf frá tveimur systkinum að upphæð 33,5 milljónir. Þá barst fæðingadeildinni einnig mjög myndarleg minningargjöf. Þessum fjármunum er öllum varið til tækjakaupa. Gjafaframlög til sjúkrahússins skipta sköpum fyrir möguleika sjúkrahússins til að endurnýja tækjabúnað sinn og fylgja eftir framþróun og tækni, ekki síst nú þegar framlög ríkisins hafa dregist saman að raungildi vegna efnahagsþrenginga. Á síðustu 25 árum er núvirði gjafaframlaga samtals um 516 milljónir króna. Starfsmenn FSA er mjög þakklátir fyrir þann hlýhug og velvilja sem stofnuninni er syndur af öllum þeim sem lagt hafa liðsinni sitt með gjafaframlögum, smáum sem stórum.

Hjúkrun

Árið einkenndist af auknu umfangi í bráða-starfsemi sjúkrahússins allt frá upphafi sumarlokunar og út árið. Skorið var niður um allt að 30% í afleysingum fyrir hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og ljósmæður og því var ekki æskilegt jafnvægi á milli mönnunar og verkefna yfir sumarleyfistímann. Merkjanlega meiri hreyfing og breytingar urðu í starfsmannahaldi hjúkrunar og ræstinga en nægt framboð var af starfsfólki til afleysinga.

Klínískur sérfræðingur í hjúkrun sykursjúkra sér um ráðgjöf og fræðslu til fólks með sykursýki þar sem mið er tekið af klínískum leiðbeiningum frá Landlæknisembættinu. Þá kemur hann að fræðslu hjúkrunarfræðinga.

Verkefnastjóri í sárameðferð stýrir starfi sárahóps sem í eru 8 hjúkrunarfræðingar. Verkefnastjórinn stóð fyrir ýmsum námskeiðum og fræðslu um sár og meðferð þeirra. Hann var einnig til ráðgjafar um sárameðferð á sjúkrahúsinu og veitti hjúkrunarfræðingum í heimahjúkrun, öldrunarþjónustu Akureyrarbæjar og í nágrennabyggðarlögum ráðgjöf.

Verkefnastjóri í næringartengdri hjúkrun gegnir formennsku í næringarteymi. Talsvert er leitað til hans vegna næringarvandamála og stóð hann, ásamt fleirum, að

sérstakri næringarviku á haustdögum. Þá hefur hann umsjón með *sondu*-dælum sem lánaðar eru á FSA og fræðslu og ráðgjöf er tengist notkuninni.

Verkefnastjóri í skráningu hjúkrunar vann áfram að undirbúningi fyrir innleiðingu á rafrænni hjúkrunarskráningu í Sögu og uppfærði m.a. leiðbeinandi hjúkrunarferli á legudeildum. Áætlað er að á næsta ári verði unnið áfram með innleiðingu á hjúkrunarferlinu og framvindu hjúkrunar í Sögukerfinu á klínískum deildum og í kennslu, allt samkvæmt tímasettri verkáætlun.

Verkefnastjóri sýkingavarna tók saman handbók um leiðbeiningar við ræstingu og notkun hreinsiefna. Í framhaldi af því voru útbúin spjöld með leiðbeiningum um hreinsiefnin og haldinn fundur með starfsfólki í ræstingum og bítibúrum til kynningar á handbókinni og gæðaviðmiðum. Verkefnastjórinn gerði einnig úttekt á gæðum ræstinga ásamt verkstjóra í ræstingum á sjúkradeildum og slysa- og myndgreiningerdeild.

Verkefnastjóri í verkjameðferð sinnti einkum ráðgjöf og fræðslu um verkjameðferð á deildum og vann við klínískar leiðbeiningar um verkjameðferð. Lokið var við gerð gæðaskjala um verkjameðferð eftir skurðaðgerðir og þau gefin út og hafin vinna við klínískar leiðbeiningar um verkjameðferð í tengslum við krabbamein.

Umfangsmikil starfsemi felst í skipulagningu á klínísku námi hjúkrunarfræði-, ljósmæðra- og sjúkraliðanema. Hjúkrunarnemar koma langflestir frá HA en einnig koma nemar sem eru í ljósmæðranámi, diplóma- eða meistaranámi frá HÍ. Sjúkraliðanemar koma frá Verkmennaskólanum á Akureyri.

Ákveðið hefur verið að innleiða finnska flokkunarkerfið „Rafaela“ á FSA haustið 2011. Kerfið mælir hjúkrunarálag og hefur verið til prófunar á deildum LSH.

Lækningar

Það fjármálaumhverfi sem ríkir á Íslandi hefur einkennt starfsemina á árinu. Nátengt því eru erfiðleikar við að manna sérfræð-

”

Fæðingum fjölgaði úr 446 í 515 eða um 15%

“



ingastöður í lækningum. Tveir sérfræðingar lyflækningadeildar sögðu upp störfum snemma árs og áhrif þess voru að fyrir-sjáanlega yrði mjög erfitt að sinna lög-boðinni starfsemi. Með hjálp afleysinga-lækna og auknu vinnuálagi á starfsfólk var hægt að veita áfram þá þjónustu sem til er ætlast.

Gerður var samningur við tvo krabbameinslækna sem koma reglulega að sinna krabbameinssjúklingum og með góðum stuðningi starfsfólks dag- og göngudeildar lyflækninga er sú þjónusta í góðu horfi sem stendur. Áfram verður unnið að því að fast-ráða sérfræðinga á deildina. Tveir nýir sérfræðingar á myndgreiningardeild tóku til starfa í lok sumars. Enn vantar þó fleiri sérfræðinga til starfa á sjúkrahúsið svo sem á barnadeild, bæklunardeild og handlækningadeild. Það jafnvægi í starfsemi sem hægt var að merkja á árinu 2009 virðist á undanhaldi. Það þýðir að með áframhaldandi samdrætti í valþjónustu og minni sum-arafleysingum munu biðlistar aukast og meira álag verður á starfsfólki. Ekki er fyrir-sjáanlegt að samdráttarskeiði ljúki inn-an næstu tveggja ára og bíður erfitt verkefni að vinna úr því.

Áfram hefur verið gott samstarf við Sjúkratryggingar Íslands. Samningar um fjölgun gerviliðaaðgerða og fjölgun augasteinsaðgerða voru framlengdir. Þessir samningar renna út á árinu 2012 og mun framkvæmdastjórn FSA leitast við að endurnýja þá ásamt því að skoða möguleika á að vinna áfram að samningum um að bæta sérfræðiþjónustu á svæðinu.

Í kjölfar nýrra laga um sjúkraskrár sem samþykkt voru Alþingi 2009 var hafist handa við að sameina rafrænar sjúkraskrár heilbrigðisstofnana á Norðurlandi. Þessari sameiningu er nú lokið og þrátt fyrir ýmsa byrjunarörðugleika sem óhjákvæmilega fylgja svo stóru verkefni, verða augljós hagkvæmis- og öryggisáhrif þegar heilbrigðisstarfsmenn hafa heildstæðari upplýsingar um skjólstæðinga sína.

Ný og fullkomin tæki voru keypt á rann-sóknastofuna og samhlíða tekið upp nýtt


beiðna- og svarakerfi í þeim tilgangi að samræma það sem mest yfir landið.

Framkvæmdastjóri lækninga hefur veitt nefnd heilbrigðisráðuneytisins um upplýsingatækni í heilbrigðiskerfinu forstöðu. Nefndinni er ætlað að leggja fram stefnu til framtíðar um rafræna sjúkraskrá og tilhögun upplýsingatækni í heilbrigðiskerfinu. Nefndin skilaði áfangaskýrslu til ráðherra þann 15. nóvember 2009.

Áfram var haldið að þróa og uppfæra rafræn sjúkraskrárkerfi á FSA. Stofnaðir hafa verið vinnuhópar með það að markmiði m.a. að bæta aðgengi og auðvelda umgengni við rafræn kerfi sjúkrahússins. Sú vinna er enn í gangi en fyrstu aðgerðir eru þegar hafnar. Ytri aðgangur að tölvu-pósti og myndgreiningarkerfum eru á dagskrá. Hægt er að miðla röntgenmyndum milli þeirra stofnana sem hafa stafræn kerfi og með tilkomu nýrra laga 2009 varð löglegt að gera samninga þar að lútandi. Slikir samningar hafa þegar verið gerðir milli margra stofnana, m.a. FSA og LSH, svo nú heyra tímafrekar sendingar geisladiska milli landshluta vonandi sögunni til innan skamms.

Sem áður var gott samstarf við LSH og heilbrigðisstofnanir á Norður- og Austurlandi. Aukið flæði sérfræðinga á milli stofnana bætir þjónustu við sjúklinga og vinnuskilyrði heilbrigðisstarfsfólks. Fyrirhugað er að vinna að tillögum að auknu samstarfi þessara stofnana, sérstaklega innan heilbrigðisumdæmis Norðurlands.

Öll fræðslustarfsemi er eins og áður send um netið til þeirra er á vilja hlýða. Sú starfsemi gengur vel og búið er að koma henni fyrir á þann hátt að viðtakandi getur hlýtt á fyrirlestra þegar honum hentar. Þá eru sérstakir þverfaglegir fræðsludagar hinna ýmsu deilda sjúkrahúsins til sóma og fullur hugur framkvæmdastjórnar að styðja við þá starfsemi. Á árinu gátu 4.-6. árs lækna-nemar tekið hluta af klínisku námi sínu í lyflækni- og handlækni-fræðum á FSA. Einnig hafa læknanemar verið í klínisku námi við svæfingadeildina. Á fjórða tug íslenskra og erlendra nema voru á árinu í



”

Miðstöð sjúkraflugs á fastvængja flugvélum er á Akureyri. Hafa þarf í huga að á samdráttartímum dregur oft úr þjónustu í dreifðum byggðum og þá þarf að mæta því með eflingu sjúkraflutninga.

“



klínísku námi á FSA. Námið gekk vel og mæltist vel fyrir og slíkum heimsóknunum mætti gjarnan fjölga.

Miðstöð sjúkraflugs á fastvængja flugvélum er á Akureyri. Þessi starfsemi hefur vaxið og dafnað frá byrjun og er orðin hluti af sjúkraflutningsþjónustu og bráðaþjónustu á landsbyggðinni. Læknar á FSA og HAK sinna bakvaktapjónustu fyrir þessa starfsemi. Vaktabyrði þessara lækna er orðin veruleg og huga þarf að lausnum á því. Hafa þarf í huga að á samdráttartímum dregur oft úr þjónustu í dreifðum byggðum og þá þarf að mæta því með eflingu sjúkraflutninga. Stjórnendur FSA hafa ásamt forsvarsmönnum sjúkraflugsins átt viðræður við stjórnvöld vegna þessa og munu halda því áfram.

Horft til framtíðar

Árið 2010 var annað árið í röð með miklum aðhaldsaðgerðum en með útsjónarsemi stjórnenda og starfsmanna tókst að halda rekstrinum innan fjárlaga. Það er ekkert leyndarmál að heilbrigðisþjónusta í dreifðum byggðum á undir högg að sækja. Fyrir því liggja margar ástæður. Niðurskurður fjárveitinga dregur úr aðsókn sérhæfðra heilbrigðisstarfsmanna þar sem betur býðst víða erlendis. Vaktabyrði er mikil í fámennum vaktalínunum. Sérhæfing í menntun veldur því að færri gefa sig út fyrir „almennar“ vaktir. Fjölskyldutengsl skipta máli svo og atvinnumöguleikar maka. Skortur á sérhæfðu heilbrigðisstarfsfólki er áhyggjuefni og setur allri starfsemi svo og þjónustu skorður.

FSA hefur það lagalega hlutverk að vera miðstöð sérfræðiþjónustu á Norður- og Austurlandi. Til að uppfylla það hlutverk þarf að styrkja starfsemina verulega frá því sem nú er. Fjölga þarf læknum í þeim sérgreinum sem starfrækja á hér á Akureyri svo að vaktabyrði verði ásættanleg og að hægt verði að sinna dreifðari byggðum á Norður- og Austurlandi. Auka þarf enn samvinnu heilbrigðisstofnana á Norður- og Austurlandi og svara þarf þeirri spurningu með hvaða hætti samstarf stofnananna verði og hvort til sameiningar horfi.

Í fjárlögum ársins 2011 voru fjárveitingar til FSA skertar þriðja árið í röð. Uppgjör fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2011 sýnir að rekstur er 4-5% umfram ramma fjárlaga og því ljóst að grípa þarf til enn frekari hagræðingaraðgerða. Starfsfólk sjúkrahússins leggur metnað sinn í að veita sem allra bestu þjónustu. Niðurstöður viðhorfskannana sem gerðar hafa verið á liðnum árum sýna að almenn ánægja ríkir með þjónustu, aðbúnað og viðmót hjá öllum sem nýta sér þjónustu stofnunarinnar. Sú staðreynd hvetur bæði stjórnendur og starfsfólk til dáða og stofnunin mun kappkosta að halda uppi háu þjónustustigi enn sem fyrr, þrátt fyrir minnkandi fjárheimildir. Horft er til þess að gjörningaveðrinu sloti fyrr en síðar enda birtir öll él upp um síðir. Vonandi er þess ekki langt að bíða að Sjúkrahúsið á Akureyri geti snúið vörn í sókn á nýjan leik, skjólstæðingum sínum til hagsbóta.

”

Vonandi er þess ekki langt að bíða að Sjúkrahúsið á Akureyri geti snúið vörn í sókn á nýjan leik, skjólstæðingum sínum til hagsbóta.

“



Nýjungar í starfseminni

Í heilbrigðislögum er Sjúkrahúsið á Akureyri (FSA) skilgreint sem annað meginsjúkrahúsið á Íslandi. Í lögnum er kveðið á um að FSA veiti sérhæfða sjúkrahúspjónustu í heilbrigðisumdæmi sínu. Hér á eftir verða nefnd nokkur dæmi um skref sem stigin hafa verið á árinu til þess að gera Sjúkrahúsinu á Akureyri kleift að sinna þessu lögskipaða hlutverki sínu og bæta um leið sérfræðipjónustu á svæðinu og minnka biðlista á landinu öllu.

Flýttibatameðferð

Síðustu ár hefur starfsfólk kvennadeildar reynt að einfalda ferli í kringum skurðaðgerðir og legutíma hjá annars hraustum konum. Þegar um valaðgerðir á innliggjandi konum er að ræða, koma konur til skoðunar og viðtals á innritunarmiðstöð nokkrum dögum fyrir áætlaðan aðgerðardag. Í völdum tilvikum er þessu ferli sleppt og í staðinn hringir hjúkrunarfræðingur á innritunarmiðstöð í konuna og undirbýr hana fyrir aðgerð. Áður hefur kvensjúkdómalæknir séð konuna í móttöku. Konan mætir síðan að morgni aðgerðardags beint á skurðstofu.

Endurskoðun á umönnun eftir aðgerð (flýttibatameðferð) hefur styt legu verulega og útskrifast konur nú að jafnaði tveimur sólarhringum eftir legnám sem er stytting um 1-2 sólarhringa.

Sams konar ferli hefur verið komið á viðar s.s. við gallblöðruaðgerðir og almennt hefur markvisst verið unnið að endurmati á verkferlum og meðferð á valaðgerðum undir formerkjum flýttibatameðferðar.

Handskrifuð lyfjablöð aflögð

Innleiðing á lyfjafyrirmælakerfinu TTM (Theriak Therapy Management) var hafin á legudeildum FSA. Með tilkomu þess hafa handskrifuð lyfja- og lífsmarkablöð verið aflögð en þau hafa verið hluti af starfsemi sjúkrahússins nánast frá upphafi.

Aukin þjónusta í krabbameinslækningum

Á dag- og göngudeild lyflækninga hafa allar

krabbameinsmeðferðir verið fluttar yfir á tvo daga í viku. Þá daga koma sérfræðingar frá Landspítala og stýra meðferðum skjólstaðinga deildarinnar.

Þessi breyting tók gildi sl. sumar og var allri annarri þjónustu við einstaklinga með krabbamein breytt á sama tíma með tilliti til þessa. Mikil ánægja ríkir með þessa breytingu sem og með samstarfið við lækna LSH.

Gagngerar endurbætur á rannsóknadeild

Gagngerar endurbætur voru gerðar á húsnaði klínisku lífefnafræðinnar og storkurannsóknna. Skipt var út lofti og gólfefnum, gengið frá nýrri loftræstingu og lýsingu í rýminu auk þess sem þar var málað og endurskipulagt svo hægt væri að koma fyrir nýjum tækjastæðum. Tvær tækjasamstæður frá Lyru (Roche), Cobas 6000 voru settar upp í mars og formlega teknar í notkun í maí. Þá voru gerðar breytingar á blóðmeinafræðihluta rannsóknadeildar.

Nýtt rannsóknakerfi (FlexLab) var innleitt á vordögum og er það staðsett á LSH og hefur verið lengi í notkun þar. FSA tengist kerfinu með ljósleiðaratengingu. Það leysir af hólmi eldra rannsóknakerfi fyrir kemurannsóknir en sýklafræðirannsóknir eru ennþá unnar og skráðar í gamla kerfinu. Unnið er að samræmingu rannsókn- og viðmiðunargilda milli LSH og FSA.

Nýr tækjabúnaður í sjúkraflugi

Á árinu var tekinn í notkun nýr tækjabúnaður í sjúkraflugi. Þar er helst að telja CorPuls3 rafstuðtæki og rafsjá af fullkomnu gerð; tvær Medumat Weinmann-öndunarvélar; Asena-sprautudælu og borvél til ísetningar beinmergsnála.

Tækjakostur sjúkraflugs er nú ágætur þótt vissulega megi alltaf gera betur.

Skipuleg fræðsla í vinnusmiðju

Skipulögð fræðsla eða vinnusmiðja var haldin vikulega í apríl og maí fyrir hjúkrunarfræðinga skurðeildar er sinna bráðaspeglunum speglunardeildar utan dag-



”

Ákveðið hefur verið að innleiða finnska flokkunarkerfið „Rafaela“ á FSA haustið 2011. Kerfið mælir hjúkrunarálag og hefur verið til prófunar á deildum LSH.

“



vinnutíma. Læknar og hjúkrunarfræðingar speglunardeildar sáu um skipulag hennar. Farið var yfir helstu verkþætti meltingarfæraspeglana en lögð áhersla á þá þætti er lúta að bráðaspeglunum. Vinnusmiðjan fól í sér fræðslu, verklega kennslu og þjálfun. Í framhaldi var sameiginlega unnið að klínískum leiðbeiningum varðandi bráðaspeglanir. Mikil ánægja var meðal þátttakenda hvernig til tókst og allir sammála um að vinnusmiðjan væri gott innlegg í endurmenntun hjúkrunarfræðinga og í að efla samvinnu milli deilda. Stefnt er að því að vinnusmiðjan verði árlegur viðburður.

Sameiginlegt sjúkraskrárkerfi

Rafrænar sjúkraskrár heilbrigðisstofnana á Norðurlandi voru sameinaðir í einn grunn og er hann vistaður á FSA. Nú geta heilbrigðisstarfsmenn á Norðurlandi skoðað og skráð upplýsingar í sameiginlegt sjúkraskrárkerfi, Sögu, og séð í gegnum sama aðgang rannsóknar- og myndgreiningarniðurstöður viðkomandi sjúklings.

Barna- og unglíngageðlækningar

Sálfræðingur deildar barna- og unglíngageðlækninga hefur í auknum mæli tekið til meðferðar börn og ungmenni sem hafa orðið fyrir ýmiskonar áföllum, þ.m.t. ofbeldi. Hér er um mjög brýna þjónustu að ræða og verður leitast við að auka hana á komandi árum.

Greining einhverfu hefur lengi verið í undirbúningi á deildinni. Nú eru einstaka tilfelli tekin til greiningar þegar aðstæður krefjast þess en vegna manneklu hefur ekki verið hægt að sinna þessum þætti með skipulögðum hætti.

Þemavikur og kannanir

Deild kennslu og vísinda og starfsmannaþjónusta stóðu fyrir nokkrum þemavikum á árinu. Þar má m.a. nefna mannaúðsviku í febrúar, gæða- og öryggisviku í mars og næringarviku í lok september. Deild kennslu og vísinda keypti aðgang að vefkönnunarkerfi í upphafi árs. Það hefur verið notað til ýmissa viðhorfskannana hjá starfsmönnum.

Svæfingadeild verðlaunuð af gæðaráði

Gerð var könnun meðal starfsmanna um notkun gæðahandbókar og viðhorfa til hennar og út frá niðurstöðum könnunarinnar var ákveðið að svæfingadeild fengi verðlaun gæðaráðs sem veitt voru í fyrsta skipti. Um var að ræða farandbikar og peningaverðlaun.

Fréttblað og vetrarleikar starfsmanna

Fyrsta tölublað Fréttablaðs FSA leit dagsins ljós á árinu og var útgáfan í höndum starfsmannaþjónustu sjúkráhusins.

Starfsmannafélagið Glaumur stóð fyrir fyrstu vetrarleikum starfsmanna þar sem keppt var í fjórum greinum íþróttar; gönguskiðum, keilu, krullu og þútti/borðtennis. Veitt voru vegleg verðlaun og var þá ekki eingöngu horft til árangurs í keppninni sjálfri heldur einnig búninga, stuðningsmanna liðanna, velvilja til dómara, stíls og þróðmennsku. Skemmst er frá að segja að mikil ánægja var með þessa leika og þátttaka góð.



”

Á árinu störfuðu 793 einstaklingar á stofnuninni og fækkaði þeim um 137 á milli ára. Karlar voru 145 en konur 648 og eru þær því um 82% starfsmanna, sem er svipað hlutfall og verið hefur.

“

Birtar vísindagreinar

Doktorsritgerð:

Franklin J. Osteoarthritis. *Epidemiologic and genetic aspects (Thesis)*. Lund University, Faculty of Medicine Doctoral Dissertation, Series 2010:71.

Westergren A, Torfadóttir Ó, Ulander K, Axelsson C & Lindholm C. (2010). *Malnutrition prevalence and precision in nutritional care: an intervention study in one teaching hospital in Iceland*. Journal of Clinical Nursing, 19, 1830-1837.

Franklin J, Ingvarsson T, Englund M, Lohmander S. *Association between occupation and knee and hip replacement due to osteoarthritis: a case-control study*. Arthritis Res Ther. 2010;12(3):R102. Epub 2010 May 24.

Englund M, Franklin J, Petersson I. F. *Differences in the Observed Rate of Hip Fracture in Male and Female Patients Diagnosed with Osteoarthritis or Ankylosing Spondylitis Compared with the Expected Based on the General Population Seeking Health Care*. [abstract]. Arthritis Rheum 2010;62 Suppl 10 :963DOI: 10.1002/art.28730.

Franklin J, Englund M, Ingvarsson T, Lohmander S. *The association between hip fracture and hip osteoarthritis: a case-control study*. BMC Musculoskelet Disord. 2010 Nov 26;11:274.

Franklin J, Ingvarsson T, Englund M, Ingimarsson O, Robertsson O, Lohmander LS. *The natural history of radiographic hip osteoarthritis. A retrospective cohort study with 11-28 years follow-up*. Arthritis Care Res (Hoboken). 2010 Nov 30. [Epub ahead of print].

Hildigunnur Svavarsdóttir og Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir. *Nýjar leiðbeiningar í endurlífgun 2010*. Tímarit hjúkrunarfræðinga, 5 (86), 6-11.

Hallin R, Janson C, Arnardóttir RH, Olsson R, Emtner M, Branth S, Boman G, Slinde F. *Relation between physical capacity, nutritional status and systemic inflammation in COPD*. The Clinical Respiratory Journal, no. doi: 10.1111/j.1752-699X.2010.00208.x.

Xu S, Cai L, Zhao L, Douhan-Hákansson L, Kristjánsson G, Pauksen K, Venge P. *Tissue localization and the establishment of a immunoassay of the newly discovered human phospholipase B-precursor (PLB-P)*. J Immunol Methods. 210 Feb 28;354 (1-7):71-7. Epub 210 Jan 18.

Lidén M, Kristjánsson G, Valtysdóttir S, Venge P, Hällgren R. *Self-reported food intolerance and mucosal reactivity after rectal food protein challenge in patients with rheumatoid arthritis*. Scand J Rheumatol. Aug;39(4):292-8.

Kloster Smerud H, Fellström B, Hällgren R, Osagie S, Venge P, Kristjánsson G. *Gastrointestinal sensitivity to soy and milk proteins in patients with IgA nephropathy*. Clin Nephrol. 2010 Nov;74(5):364-71.

Kristjansdóttir S, Jonasson J.G, Cariglia N, Thjodleifsson B. *Colonic Adenomas found via Colonoscopy yield and Risk factors for High Grade Dysplasia*. Digestion 2010; No 4, Vol 82.

Þórir S Sigmundsson, Björn Gunnarsson, Sigurður Benediktsson, Gunnar Þór Gunnarsson, Sveinbjörn Dúason, Gestur Þorgeirsson. *Flutningstími og gæði meðferðar hjá sjúklingum með ST-hækkunar hjartadrep á Norður- og Austurlandi*. Læknablaðið 2010; 96: 159-65.

”

Þrátt fyrir yfirstandandi efnahagsörðugleika sóttu stjórnendur og starfsfólk sjúkrahússins fram á ýmsum sviðum á árinu eins og frekast var kostur.

“





Kristjansdóttir S, Jonasson JG, Cariglia N, Thjodleifsson B. *Colonic adenomas found via colonoscopy: yield and risk factors for high-grade dysplasia*. *Digestion*. 2010;82(4):252-7. Epub 2010 Jun 24.

Panoutsopoulou K, Southam L, Elliott KS, Wrayner N, Zhai G, Beazley C, Thorleifsson G, Arden NK, Carr A, Chapman K, Deloukas P, Doherty M, McCaskie A, Ollier WE, Ralston SH, Spector TD, Valdes AM, Wallis GA, Wilkinson JM, Arden E, Battley K, Blackburn H, Blanco FJ, Bumpstead S, Cupples LA, Day-Williams AG, Dixon K, Doherty SA, Esko T, Evangelou E, Felson D, Gomez-Reino JJ, Gonzalez A, Gordon A, Gwilliam R, Halldorsson BV, Hauksson VB, Hofman A, Hunt SE, Ioannidis JP, Ingvarsson T, Jonsdóttir I, Jonsson H, Keen R, Kerkhof HJ, Kloppenburg MG, Koller N, Lakenberg N, Lane NE, Lee AT, Metspalu A, Meulenbelt I, Nevitt MC, O'Neill F, Parimi N, Potter SC, Rego-Perez I, Riancho JA, Sherburn K, Slagboom PE, Stefansson K, Styrkarsdóttir U, Sumillera M, Swift D, Thorsteinsdóttir U, Tsezou A, Uitterlinden AG, van Meurs JB, Watkins B, Wheeler M, Mitchell S, Zhu Y, Zmuda JM; arcOGEN Consortium, Zeggini E, Loughlin J. *Insights into the genetic architecture of osteoarthritis from stage 1 of the arcOGEN study*. *Ann Rheum Dis*. 2011 May;70(5):864-7. Epub 2010 Dec 21.


”

Ný og fullkomin
tæki voru keypt á
rannsóknastofuna og
samhliða tekið upp
nýtt beiðna- og
svarakerfi í þeim
tilgangi að samræma
það sem mest
yfir landið.

“

Evangelou E, Valdes AM, Kerkhof HJ, Styrkarsdóttir U, Zhu Y, Meulenbelt I, Lories RJ, Karassa FB, Tylzanowski P, Bos SD; arcOGEN Consortium, Akune T, Arden NK, Carr A, Chapman K, Cupples LA, Dai J, Deloukas P, Doherty M, Doherty S, Engstrom G, Gonzalez A, Halldorsson BV, Hammond CL, Hart DJ, Helgadóttir H, Hofman A, Ikegawa S, Ingvarsson T, Jiang Q, Jonsson H, Kaprio J, Kawaguchi H, Kisand K, Kloppenburg M, Kujala UM, Lohmander LS, Loughlin J, Luyten FP, Mabuchi A, McCaskie A, Nakajima M, Nilsson PM, Nishida N, Ollier WE, Panoutsopoulou K, van de Putte T, Ralston SH, Rivadeneira F, Saarela J, Schulte-Merker S, Shi D, Slagboom PE, Sudo A, Tamm A, Tamm A, Thorleifsson G, Thorsteinsdóttir U, Tsezou A, Wallis GA, Wilkinson JM, Yoshimura N, Zeggini E, Zhai G, Zhang F, Jonsdóttir I, Uitterlinden AG, Felson DT, van Meurs JB, Stefansson K, Ioannidis JP, Spector TD; Translation Research in Europe Applied Technologies for Osteoarthritis (TreatOA). *Meta-analysis of genome-wide association studies confirms a susceptibility locus for knee osteoarthritis on chromosome 7q22*. *Ann Rheum Dis*. 2011 Feb;70(2):349-55. Epub 2010 Nov 10.

Kerkhof HJ, Lories RJ, Meulenbelt I, Jonsdóttir I, Valdes AM, Arp P, Ingvarsson T, Jhamai M, Jonsson H, Stolk L, Thorleifsson G, Zhai G, Zhang F, Zhu Y, van der Breggen R, Carr A, Doherty M, Doherty S, Felson DT, Gonzalez A, Halldorsson BV, Hart DJ, Hauksson VB, Hofman A, Ioannidis JP, Kloppenburg M, Lane NE, Loughlin J, Luyten FP, Nevitt MC, Parimi N, Pols HA, Rivadeneira F, Slagboom EP, Styrkarsdóttir U, Tsezou A, van de Putte T, Zmuda J, Spector TD, Stefansson K, Uitterlinden AG, van Meurs JB. *A genome-wide association study identifies an osteoarthritis susceptibility locus on chromosome 7q22*. *Arthritis Rheum*. 2010 Feb;62(2):499-510.



Litið um öxl til árána 2005-2010:

Mikið hefur áunnist á flestum sviðum

Framtíðarsýn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri 2005-2010 var kynnt á ársfundi 4. maí árið 2005 og var þannig staðfest af þáverandi heilbrigðisráðherra, Jóni Kristjánssyni:

Framtíðarsýn til 2010

Takmark okkar er að viðhalda stöðu okkar sem virt heilbrigðisstofnun sem leitað er til vegna góðrar sérfræðipækkningar, þverfaglegs samstarfs, aðbúnaðar, persónulegrar þjónustu og skamms biðtíma. Við viljum vera þekkt fyrir sveigjanleika á rekstrar- og þjónustuformi til að mæta breytingum í innra og ytra umhverfi og skapa grunn fyrir verkefnatengda fjármögnun í heilbrigðiskerfinu.

Við ætlum okkur að vera leiðandi í samstarfi og samræmingu milli heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni og vera í fremstu röð í notkun upplýsingatækni til að auka skilvirkni og öryggi í allri starfsemi með sérstakri áherslu á sjúkraskrárkerfi, myndgreiningarkerfi og fjarlækningar.

Framtíð okkar felst í að vera fram-sækinn og eftirsóknarverður vinnustaður sem hefur á að skipa starfsfólki með góða þekkingu og faglegan metnað og skapa hvetjandi umhverfi til rannsóknar og þróunar.

Á sama tíma voru settar fram stefnumarkandi lykilaðgerðir sem vinna skyldi að tímabilinu. Frá árinu 2005 hafa orðið breytingar í rekstrarumhverfi sjúkrahúss-

ins sem hafa haft mikil áhrif á framvindu stefnunnar. Þar ber hæst efnahagshrunið haustið 2008. Engu að síður hefur mikið áunnist og ljóst að vel hefur til tekist á flestum sviðum.

Hér á eftir er farið yfir lykilaðgerðirnar og stöðu þeirra nú í stuttu máli.

Samstarf

FSA er miðstöð sérhæfðar heilbrigðisþjónustu fyrir íbúa á Norður- og Austurlandi. Þjónustumöguleikar FSA verða markaðsettir og unnið verður að því að ná samningum við heilsugæslustöðvar um þjónustu sérfræðilækna sjúkrahússins og stofna til samstarfs við heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni.

Gerðir hafa verið samningar við allar heilbrigðisstofnanir á svæðinu um þjónustu sérfræðilækna, mismikla eftir atvikum. Sjúkraskrárkerfið Saga er nú rekið á sam-eiginlegum grunni fyrir heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi og er hann vistaður hjá FSA og svo er einnig með bókunar- og geymslakerfi myndgreiningar. Samstarf er um uppbyggingu gæðahandbóka.

Sérgreinar

Sérfræðipjónusta verður aukin. Sérstök áhersla verður lögð á að bæta við og efla starfsemi á sviði krabbameinslækninga, endurhæfingar, geðlækninga og hjartalækninga með það fyrir augum að hjartaþræðingar verði teknar upp við FSA. Samið verði við Akureyrarbæ um að taka





við hjúkrunarrýmum FSA með það að markmiði að öll hjúkrunarrými verði rekin af sama aðila. Það svigrúm sem myndast við þetta verði nýtt til að efla aðrar sérgreinar svo sem geðdeild. Myndgreiningardeild verður eflid, deildin gerð að fullu stafræn og gerðir samningar við aðrar heilbrigðisstofnanir á Norður- og Austurlandi um að FSA annist þjónustu á þessu sviði.

Sérfræðiþjónusta hefur aukist á flestum þeim sviðum sem nefnd eru hér að ofan. Á sviði endurhæfingar má nefna meðferð fyrir ofþunga, hópmeðferð lungnasjúkra og meðferð við langvinnum verkjum. Ekki hefur verið gert formlegt samkomulag um fækkun hjúkrunarrýma og framtíð þessarar þjónustu innan veggja FSA.

Myndgreiningardeildin er að fullu stafræn og þjónar heilbrigðisstofnunum á Norður- og Austurlandi. Með tilkomu fullkomins sneiðmyndataekis árið 2007 var ákveðið að leggja áherslu á bættu greiningu kransæðasjúkdóma í stað þess að koma upp hjartaþræðingum.

Ekki hefur tekist að ráða sérfræðilækni í krabbameinslækningum en gerðir hafa verið samningar um þjónustu sérfræðilækna frá LSH við krabbameinssjúklinga á svæðinu, auk þess sem þarfir krabbameinssjúkra voru settar í öndvegi með opnun dag- og göngudeildar árið 2007.

Sjúkraflug

Akureyri er miðstöð sjúkraflugs á Norður- og Austurlandi. Stefnt skal að því að sjúkraflugsmiðstöðin á Akureyri annist sjúkraflug fyrir allt landið nema landfræðileg sérstaða krefjist annarra úrræða. Ennfremur er stefnt að því að til sjúkraflugsins fái sérþúning sjúkraflugvéla.

Öllu sjúkraflugi á fastvængja flugvélum er sinnt frá Akureyri. Árið 2006 fékkst sérþúning sjúkraflugvéla.

Gæði

Komið verður upp rafrænni gæðahandbók á deildum FSA, miðlægru skráningu fylgikvilla, markvissri atvikaskráningu svo og rafrænum fyrirmælum um lyfjagjafir. Viðhorfskannanir hjá sjúklingum um gæði þjónustu FSA verða hluti af reglulegri starfsemi.

Rafræn gæðahandbók og atvikaskráning er í stöðugri notkun og þróun og innleiðing rafrænna lyfjafyrirmæla eru komin vel á veg. Skráning fylgikvilla er ekki miðlæg. Viðhorfskannanir hjá sjúklingum voru gerðar árin 2005 og 2007 en vegna aðhalds í rekstri var ekki gerð könnun árið 2009.

Kennsla

Með skilgreiningu FSA sem kennslusjúkrahúss verður lögð aukin áhersla á kennsluþáttinn og unnið að því að fjölga stöðu-

”

Árið einkenndist af auknu umfangi í bráðastarfsemi sjúkrahússins allt frá upphafi sumarlokunar og út árið.

“



gildum í kennslu. Rannsóknabátturinn í starfsemi verður eflur með áherslu á birtingu rannsóknaniðurstaðna.

Á tímabilinu fjölgaði stöðugildum í kennslu, m.a. með því að komið var á fót deild kennslu og vísinda, eflingu á klínísku námi heilbrigðisstétta og fjölgun á stöðum starfsmanna við Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri. Vísindaráð var stofnað á árinu og vísindastefna verður samþykkt og kynnt fyrri hluta árs 2011.

Upplýsingatækni

Megináhersla verður lögð á uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár, innleiðingu Oracle-upplýsingakerfisins og miðlun lykilupplýsinga til starfsmanna á rafrænan hátt. Áfram verður unnið að eflingu gagnvirkar tækni til kennslu, myndgreiningar, samskipta og fjarlækninga.

Frá því að rafræn sending læknabréfa var innleidd árið 2004 hefur vægi rafrænna sjúkraskrárkerfa stöðugt aukist milli ára. Auk rafrænnar sjúkraskrár eru rafræn kerfi í notkun við myndgreiningar, rannsóknir og lyfjagjafir og þau kerfi tengd við aðrar heilbrigðisstofnanir. Þá er *Fakta* innlestrar- og ritunarkerfið notað við alla læknaritun. Oracle-kerfið er notað við allt bókhald, innkaup, launavinnslu og starfsmannahald. Innri vefurinn er sífellt meira notaður til að miðla upplýsingum og fréttum til starfsmanna. Fjarfundabúnaður til kennslu hefur verið eflur á tímabilinu.

Starfsmenn

Gerð starfsmannastefnu verður lokið. Starfslýsingar verða unnar fyrir öll störf á sjúkrahúsinu og starfsmannaviðtöl innleidd. Endurmenntun starfsmanna verði byggð á markvissum starfsþróunaráætlunum. Viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis verður kannað með reglubundnum hætti.

Starfsmannastefna var kynnt árið 2005 og endurskoðuð stefna bíður samþykktar. Starfslýsingar fyrir allflest störf liggja fyrir. Starfsmannasamtöl eru í boði fyrir starfsmenn. Þá hefur verið hvatt til markvissrar starfsþróunar. Kerfið *Vinnustund* hefur verið innleitt hjá öllum starfsmönnum og opnað fyrir aðgang þeirra að því. Viðhorfskannanir hafa verið gerðar en ekki á reglubundinn hátt.


Rekstur

DRG-skráningarkerfið verður tekið upp og notað til grundvallar kostnaðargreininga og sem grunnur fyrir verkefnatengda fjármögnun. Eftirfylgni með áætlunum verður eflur og unnið að hagræðingu með vel skilgreindum verkefnum.

Kostnaðargreining og eftirfylgni með áætlunum hefur verið eflur. DRG-skráningarkerfið hefur verið nýtt til útreikninga á ákveðnum þáttum starfseminnar en ekki verið tekið upp til kostnaðarstýringar. Ekki hefur heldur orðið af þeim áformum stjórnvalda að miða fjárveitingar til heilbrigðisþjónustunnar við þennan reiknigrunn.



Myndgreiningar






”

Gjafaframlög til sjúkrahússins skipta sköpum fyrir möguleika þess til að endurnýja tækjabúnað sinn og fylgja eftir framþróun og tækni...

Á síðustu 25 árum er núvirði gjafaframlaga samtals um 516 milljónir króna.

“



Framleiðni á tímabilinu hefur aukist töluvert sé notaður mælikvarði sem kenndur er við ráðgjafarfirmatækið Ernst & Young og miðast við vísitölu vinnuafis sem vegin er á móti dvölum og komum á heilbrigðisstofnanir.

Húsnæði og aðstaða

Unnin verður langtímaáætlun um þróun starfsemi FSA með tilliti til mannafla, tækja og húsnæðisþarfa. Stefnt skal að því að legudeildir FSA verði endurnýjaðar þannig að þær fullnægi kröfum tímans, þar með talið löggjöf um réttindi sjúklinga.

Unnið hefur verið að endurnýjun húsnæðis eftir föngum. Búið er að endurnýja að fullu húsnæði legudeilda á Kristnesi. Húsnæði Sels (fv. hjúkrunardeild) hefur verið endurinnréttað fyrir dag- og göngudeild geðdeildar og verulegar endurbætur hafa verið gerðar á kvennadeild, slyshadeild, rannsóknadeild og víðar. Sérstakar fjárveitingar hafa fengist til atvinnuskapandi við-

haldsverkefna og hafa þær nýst vel til endurbóta á húsnæði, aðallega á Kristnesspítala.


Næstu ár

Efnahagshrunið haustið 2008 og samdrátturinn í fjárveitingum til heilbrigðisþjónustunnar í framhaldi af því, hafa sett mark sitt á alla heilbrigðisþjónustu og þróun hennar. Unnið hefur verið að athugun á því, í samstarfi við heilbrigðisstofnanir á Norðurland- og Austurlandi, með hvaða hætti íbúum svæðisins verði veitt nauðsynleg heilbrigðisþjónusta. Þar er m.a. horft til þjónustuþarfar og hvar hagkvæmast er að veita hana. Einnig er horft til þess hvernig er best að veita þjónustuna og hverjir eigi að koma að því. Í framhaldi af þeirri vinnu ætti að vera hægt að ákveða hvort og þá með hvaða hætti þurfi að endurskoða samstarf, samvinnu eða skipulag þeirra stofnana sem sinna heilbrigðisþjónustu við íbúa þessara svæða.



Markvert á árinu

Mánuður	Viðburður
Janúar	Kvennadeild tekur við veglegri peningagjöf
Febrúar	Starfsmenn taka þátt í lífshlaupinu Vetrarleikar Glaums hefjast Vika tileinkuð mannaúði sjúkrahússins Fyrsta tölublað fréttablaðs FSA kemur út Trúarleg þjónusta hefur verið starfandi í 15 ár Námskeið um sár og sárameðferð
Mars	Vika tileinkuð gæða- og öryggismálum Verðlaun gæðaráðs veitt í fyrsta sinn
Apríl	Jafnréttisáætlun samþykkt Vetrarleikum Glaums lýkur
Mai	Visindadagur FSA og HHA haldinn Visindaráð stofnað Starfsmenn taka þátt í „Hjólað í vinnuna“ Sjúkraflutningaskólinn útskrifar 68 nemendur Tekið á mótí gjöfum til barnadeildar og gjörgæsludeildar
Júní	Vorhátíð Glaums haldin að Hömrum Tekið á mótí veglegri peningagjöf til kaupa á tækjum og búnaði Tvö gæðaverkefni starfsmanna hljóta styrk heilbrigðisráðuneytisins
Júlí	FSA úthlutað viðbótarfjárveitingu að upphæð 60 milljónir úr átaki stjórnvalda til sérstaks átaks um viðhald opinberra fasteigna „Mömmur og möffins“ halda veislu í Lystigarðinum til styrktar kvennadeild
Ágúst	Námskeið um móttöku og meðferð áverkasjúklinga
September	Vika tileinkuð næringu sjúklinga Nýr forstöðulæknir á bæklunardeild Nýr yfirlæknir á slysa- og bráðamóttöku
Október	Nýr hjúkrunardeildarstjóri á svæfingadeild Árshátíð starfsmanna haldin í Sjallanum Bangsaspítali á barnadeild
Nóvember	Handverkssýning starfsmanna Viðurkenningar veittar fyrir 25 ára starf Vöflluveisla á myndgreiningardeild í tilefni Röntgendagsins
Desember	Endurnýjun á legudeildunum á Kristnesspítala lokið Sundlaugin á Kristnesi 10 ára Ýmsum gjöfum til kaupa á tækjum og búnaði veitt móttaka





A horizontal band across the middle of the page features a blurred, light blue ECG (heart rate) line. The line shows several distinct peaks and troughs, characteristic of a heartbeat, though it is intentionally out of focus.

ÁRSREIKNINGUR
2010



Forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri staðfestir hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2010 með áritun sinni.

Akureyri, 29. apríl 2011.


Forstjóri

Áritun óháðs endurskoðenda



Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sjúkrahússins á Akureyri fyrir árið 2010 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

„Ábyrgð framkvæmdastjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Framkvæmdastjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Framkvæmdastjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.“

“Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.”

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunar- aðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits stofnunarinnar sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

“Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Sjúkrahússins á Akureyri á árinu 2010, efnahag 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.”

Akureyri, 29. apríl 2011.

PricewaterhouseCoopers hf



Davíð Búi Hallgrósson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2010

<i>Tekjur</i>	<i>Hlutfall</i>		<i>Hlutfall</i>		<i>Vísit.</i>
	<i>2010</i>	<i>%</i>	<i>2009</i>	<i>%</i>	
Framlög ríkissjóðs	4.203.400.000	89,0	4.266.130.245	89,7	0,99
Seld þjónusta, verksala	428.655.917	9,1	403.138.024	8,5	1,06
Seld vistun og fæði	35.642.830	0,8	37.826.213	0,8	0,94
Leigutekjur	22.383.284	0,5	21.477.587	0,5	1,04
Sala eigna, vörusala og ýmsar tekjur	21.020.896	0,4	14.185.777	0,3	1,48
Fjármunatekjur	11.702.566	0,2	15.059.675	0,3	0,78
	4.722.805.493	100,0	4.757.817.521	100,0	0,99
<i>Gjöld</i>					
Laun og launatengd gjöld	3.250.853.068	68,8	3.268.598.311	70,0	0,99
Rekstrarvörur, orka, matvæli og lín	227.079.452	4,8	222.594.255	4,8	1,02
Sérgreindar rekstrarvörur og áhöld	474.999.910	10,0	460.451.623	9,9	1,03
Ferðakostn., akstur og ýmis sérfr.þjónusta	373.859.710	7,9	341.013.247	7,3	1,10
Leigugjöld og verkkaup	219.657.807	4,6	184.050.501	3,9	1,19
Fjárm. kostn., bætur, trygg., opinber gjöld	59.443.620	1,3	60.505.912	1,3	0,98
Eignakaup	121.941.196	2,6	135.137.640	2,9	0,90
	4.727.834.763	100,0	4.672.351.489	100,0	1,01
<i>Tekjuafgangur</i> (-halli) af rekstri	(5.029.270)		85.466.032		-0,06
<i>Nýbyggingar</i>					
Rekstrargjöld	0		(6.948.718)		0,00
	0		(6.948.718)		0,00
<i>Tekjuafgangur</i> (-halli) ársins	(5.029.270)		78.517.314		-0,06



<i>Eignir</i>	<i>2010</i>	<i>2009</i>
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	171.949.229	168.125.835
Birgðir	61.000.000	56.900.000
Handbært fé	86.955.993	73.531.039
Eignir samtals	319.905.222	298.556.874
<i>Eigið fé og skuldir</i>		
Höfustóll		
Ráðstöfun umfram fjárveitingar fyrri ára	63,425.761	(15.091.553)
Tekjuafgangur (-halli) ársins	(5,029.270)	78.517.314
	58,396.491	63.425.761
<i>Annað eigið fé</i>		
Framlag til eignamyndunar	27,451.000	27.451.000
	27,451.000	27.451.000
Eigið fé samtals	85,847.491	90.876.761
<i>Skammtímaskuldir</i>		
Viðskiptaskuldir	168.643.347	146.579.247
Aðrar skammtímaskuldir	65.414.384	61.100.866
	234.057.731	207.680.113
Eigið fé og skuldir samtals	319.905.222	298.556.874

Rekstrarreikningur

Framlag á fjárlögum ársins er tekjufært í samræmi við greiðsluáætlun ríkissjóðs, sem miðast við greiðslugrunn en ekki rekstrargrunn. Sértekjur eru tekjufærðar þegar þær falla til.

Rekstrargjöldin eru gjaldfærð eins og til þeirra er stofnað. Áunnið ótekið orlof er ekki gjaldfært, en það nemur í árslok 177,5 mkr. án launatengdra gjalda, þar af er ótekið orlof vegna fyrri orlofstímabila 35,1 mkr. og hefur lækkað um 6,8 mkr. frá árinu áður. Áunninn frítökuréttur vegna ákvæða í EES-samningi nam 17.320 tímum í árslok 2010 en var 19.075 tímar í árslok 2009. Áætluð ógreidd laun án launatengdra gjalda eru 58 milljónir vegna þessarar skuldbindingar. Bæði ótekið orlof og frítökuréttur miðast við mánaðarlaun án fastrar yfirvinnu, þar sem um það er að ræða. Heildarfjárhæð greiddra launa á árinu nam kr. 2.589.150.691.

Greiddar vinnuvikur voru samtals 23.196.

Eignir

Fasteignamat og brunabótamat húsa sundurliðast þannig í þúsundum króna:

	Fasteignamat	Brunabótamat
Sjúkrahús	2.312.070	5.909.700
Verkstæði og saumastofa	25.200	72.450
Sel	60.070	154.400
Spítalavegur 11, Stekkur	25.460	48.100
Hjallalundur 15 I	8.151	10.450
Víðilundur 10 D.....	9.920	14.300
Kristnesspítali	79.126	401.519
Starfsmannaíbúðir Kristnesi	183.230	425.520
Samtals	<u>2.703.227</u>	<u>7.036.439</u>

Skuldbindingar

Greiðslur til Eftirlaunasjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar vegna eftirlaunaskuldbindinga voru á árinu 2010 kr. 29.728.974. Tryggingafræðileg úttekt vegna þessarar skuldbindingar liggur ekki fyrir.

Rekstrarkostnaður deilda

	Rekstrar- tekjur	Laun og launat.gj.	Almenn rekstrargj.	Meiri háttar viðhald	Stofn- kostnaður	Samtals 2010	Samtals 2009	Vísit.
Handlækningadeild	35.107.938	307.240.383	86.245.241			358.377.686	322.717.491	1,11
Augnlækningadeild	5.527.114	6.340.752	493.535			1.307.173	4.003.646	0,33
Bæklunardeild	51.750	91.282.789	3.541.251			94.772.290	89.362.269	1,06
HNE-deild		14.084.528	895.661			14.980.189	21.167.993	0,71
Samtals HO/A/HNE	40.686.802	418.948.452	91.175.688			469.437.338	437.251.399	1,07
Slysadeild	38.914.752	150.800.283	92.022.167		1.569.586	205.477.284	199.376.994	1,03
Svæfingadeild	1.142.198	61.444.447	23.353.954		1.012.996	84.669.199	82.664.840	1,02
Gjörgæsludeild	4.369.514	191.921.904	71.738.488			259.290.878	241.172.634	1,08
Skurðeild	42.461.779	105.028.230	169.729.725		12.613.189	244.909.365	267.132.449	0,92
Kvennadeild	3.236.811	220.271.146	27.549.868	3.604.187		248.188.390	245.655.986	1,01
HANDLÆKNINGAR	130.811.856	1.148.414.462	475.569.890	3.604.187	15.195.771	1.511.972.454	1.473.254.302	1,03
Lyflækningadeild	9.855.041	353.851.170	120.999.921	3.168.795		468.164.845	472.119.960	0,99
Dag- og göngudeild lyfl.	2.283.941	47.701.675	33.530.713		1.715.638	80.664.085	93.009.468	0,87
Hjúkrunardeildin Sel							13.472.552	0,00
Endurhæfingardeild	3.328.348	160.647.125	18.768.666			176.087.443	162.893.453	1,08
Öldrunarlækningadeild	20.398.882	170.391.163	15.063.382			165.055.663	174.006.731	0,95
Barnadeild	1.484.523	179.264.950	37.253.893			215.034.320	214.557.313	1,00
Barna- og unglingsgeðd.	5.000	16.184.578	832.564			17.012.142	18.464.432	0,92
LYFLÆKNINGAR	37.355.735	928.040.661	226.449.139	3.168.795	1.715.638	1.122.018.498	1.148.523.909	0,98
Geðdeild (P)	532.715	176.464.591	20.044.027			195.975.903	209.353.526	0,94
Geðdeild. dagdeild		3.481.035	178.139			3.659.174	17.063.926	0,21
Geðdeild. dag- og göngudeild	3.661.851	53.389.458	3.615.786			53.343.393	60.762.496	0,88
GEÐLÆKNINGAR	4.194.566	233.335.084	23.837.952			252.978.470	287.179.948	0,88
Sjúkrapjálfun. Akureyri	28.595	20.705.941	1.210.647			21.887.993	21.686.603	1,01
Sjúkrapjálfun. Kristnesi		37.856.414	2.224.125			40.080.539	38.539.142	1,04
SJÚKRAPJÁLFUN	28.595	58.562.355	3.434.772			61.968.532	60.225.745	1,03
Myndgreiningardeild	62.870.461	153.043.586	16.435.892		77.291.390	183.900.407	196.179.969	0,94
Rannsóknadeild	125.415.141	168.930.750	9.203.096	15.287.537	918.588	68.924.830	63.253.003	1,09
Rannsóknastofa í lífeðlisfr.	654.320	11.162.960	3.132.689			13.641.329	11.359.460	1,20
Speglunardeild		22.974.364	18.196.865		1.688.660	42.859.889	40.942.289	1,05
Meinafræðideild	7.281.626	17.324.363	-5.432.181			4.610.556	3.934.500	1,17
RANNSÓKNIR	196.221.548	373.436.023	41.536.361	15.287.537	79.898.638	313.937.011	315.669.221	0,99
Skrifstofa forstjóra	283.000	113.037.054	10.290.388			123.044.442	122.599.927	1,00
Skrifstofa fjármála	926.640	65.388.269	5.228.305			69.689.934	73.356.352	0,95
Ferliverkaþjónusta	66.311.960		97.732.403			31.420.443	30.797.343	1,02
Sjúkraflug	3.878.323	12.719.806	13.073.231			21.914.714	32.847.221	0,67
Sjúkraflutningaskóli	19.428.971	5.130.177	11.954.058			-2.344.736	848.163	-2,76
Tölvu- og uppl. tæknideild	402.120	32.919.184	59.829.495			92.346.559	83.019.154	1,11
Eldhús	16.549.178	79.656.200	65.678.875			128.785.897	124.090.837	1,04
Apótek	626.087	12.750.862	3.447.335			15.572.110	15.129.828	1,03
Deild kennslu og vísinda	133.500	21.137.477	4.763.677			25.767.654	25.279.357	1,02
Trúarleg þjónusta		7.799.269	624.699			8.423.968	8.440.964	1,00
Vörulager/innkaup	4.433.272	11.116.754	3.895.319			10.578.801	11.714.164	0,90
Húsnæði. Akureyri	1.056.687		111.193.624	14.801.692		124.938.629	101.264.641	1,23
Húsnæði. Kristnesi	1.282.466		12.863.149	47.989.520		59.570.203	26.681.958	2,23
Íbúðir starfsmanna	12.067.464		22.104.015			10.036.551	8.023.453	1,25
Húsumsjón	1.260.730	42.157.615	-21.325.342			19.571.543	16.559.442	1,18
Tæknideild		31.269.605	-11.380.607			19.888.998	21.308.221	0,93
Rekstur ökutækja			2.349.955			2.349.955	3.610.800	0,65
Súrefnisstöð			20.843.714			20.843.714	19.395.820	1,07
Saumastofa	348.935	4.128.107	2.845.067			6.624.239	7.482.642	0,89
Skjalasafn		9.064.080	804.387			9.868.467	9.361.782	1,05
Ræsting		18.710.599	1.589.045			20.299.644	20.402.328	0,99
Dauðhreinunardeild	365.148	12.350.451	4.724.214			16.709.517	27.998.212	0,60
STJÓRNUN OG ÝMIS ÞJ.	129.354.481	479.335.509	423.129.006	62.791.212		835.901.246	790.212.609	1,06
Óskipt gjöld og tekjur	21.152.424	29.728.974	101.076.509			109.653.059	105.598.479	1,04
Fjárveiting ríkissjóðs						-4.203.400.000	-4.266.130.245	0,99
SAMTALS	519.119.205	3.250.853.068	1.295.033.629	84.851.731	96.810.047	-5.029.270	85.466.032	-0,06

Samandreginn rekstrarreikningur á fjárlaganúmer

	2010	2009	Mism.	Vísit.
Tekjur				
Laun og launatengd gjöld	3.358.400.000	3.355.000.000	3.400.000	1,00
Rekstrargjöld	1.004.600.000	1.066.200.000	(61.600.000)	0,94
Viðhald	139.000.000	100.930.245	38.069.755	1,38
Eignakaup. minniháttar	25.400.000	40.900.000	(15.500.000)	0,62
Stofnkostnaður	78.000.000	86.300.000	(8.300.000)	0,90
	4.605.400.000	4.649.330.245	(43.930.245)	0,99
Sértekjur	402.000.000	383.200.000	18.800.000	1,05
	4.203.400.000	4.266.130.245	(62.730.245)	0,99
Gjöld				
Laun og launatengd gjöld	3.250.853.068	3.268.598.311	(17.745.243)	0,99
Rekstrargjöld	1.269.902.480	1.220.143.208	49.759.272	1,04
Viðhald	84.851.731	48.472.330	36.379.401	1,75
Eignakaup. minniháttar	25.131.149	24.411.156	719.993	1,03
Stofnkostnaður	96.810.047	110.726.484	(13.916.437)	0,87
	4.727.548.475	4.672.351.489	55.196.986	1,01
Sértekjur	519.119.205	491.687.276	27.431.929	1,06
	4.208.429.270	4.180.664.213	27.765.057	1,01
Tekjuafgangur (-halli) af rekstri	(5.029.270)	85.466.032	(90.495.302)	-0,06

Samanburður rekstrarliða og fjárveitinga

	Rekstur	Fjárveitingar	Mism.	Vísit.
Laun og launatengd gjöld	3.250.853.068	3.358.400.000	107.546.932	0,97
Rekstrargjöld	1.269.902.480	1.004.600.000	(265.302.480)	1,26
Viðhald	84.851.731	139.000.000	54.148.269	0,61
Eignakaup. minniháttar	25.131.149	25.400.000	268.851	0,99
Stofnkostnaður	96.810.047	78.000.000	(18.810.047)	1,24
	4.727.548.475	4.605.400.000	(122.148.475)	1,03
Sértekjur	519.119.205	402.000.000	(117.119.205)	1,29
	4.208.429.270	4.203.400.000	(5.029.270)	1,00



	Skýr.	Áætlun 2010	Breytingar	Endurskoðuð áætlun	Frávik í %
Fjárlagaliðir					
Laun og launatengd gjöld	1	3.225.137	2.600	3.227.737	0,1
Almenn rekstrargjöld	2	1.237.289	0	1.237.289	0,0
Meiriháttar viðhald	3	40.400	60.000	100.400	-148,5
Eignakaup, minniháttar		25.100	0	25.100	0,0
Stofnkostnaður	4	117.300	0	117.300	0,0
		4.645.226	62.600	4.707.826	1,3
Sértekjur	5	504.657	0	504.657	0,0
		4.140.569	62.600	4.203.169	-1,5

		Endursk. áætlun (flutt úr efri töflu)	Rekstur rauntölur	Frávik í kr.	Frávik í %
Fjárlagaliðir					
Laun og launatengd gjöld	1	3.227.737	3.250.853	(23.116)	-0,7
Almenn rekstrargjöld	2	1.237.289	1.269.902	(32.613)	-2,6
Meiriháttar viðhald	3	100.400	84.852	15.548	15,5
Eignakaup, minniháttar		25.100	25.131	(31)	-0,1
Stofnkostnaður	4	117.300	96.810	20.490	17,5
		4.707.826	4.727.548	(19.722)	-0,4
Sértekjur	5	504.657	519.119	14.462	2,9
	6	4.203.169	4.208.429	(5.260)	-0,1

1) Laun og launatengd gjöld

Á árinu hækkðu launagjöld vegna breytinga á kjarasamningum um 2,6 mkr. Launagjöld fóru 23 mkr. framúr áætlun eða 0,7% og skýrist það aðallega af hækkun á yfirvinnu. Í heildina lækkaði launakostnaður um 0,5% á milli ára og stöðum fækkaði að meðaltali um 16.

2) Almenn rekstrargjöld

Þrátt fyrir hagstæða verðlags- og gengisþróun fóru almenn rekstrargjöld 32,6 mkr. framúr áætlun eða 2,6%. Ástæður þess eru m.a. hækkun á lyfjakostnaði um 16% og aukin aðkeypt sérfræðiþjónusta. Hins vegar náðist fram umtalsverð lækun á kostnaði við rannsóknir.

3) Meiri háttar viðhald

Þar sem fyrir séð var að fjárveiting til stofnkostnaðar dygði ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum voru 40 mkr. fluttar af þessum fjárlagalið yfir á stofnkostnað en eigi að síður varð afgangur að upphæð 15,5 mkr. Á árinu fengust 60 mkr. í viðbótarfjárveitingu og var hún nýtt þannig að 50 mkr. var varið til að ljúka framkvæmdum við legudeildir á Kristnesspítala og 10 mkr. til að endurnýja lagnir í elsta byggingahlutanum sem er frá 1953.

4) Stofnkostnaður

Við gerð áætlunar voru fluttar 40 mkr. af fjárlagaliðnum meiri háttar viðhald til að mæta útgjöldum til tækjakaupa. (sbr að ofan) Greiðslur af rekstrarleigusamningum vegna stofnkostnaðar námu um 83 milljónum og fyrir önnur tækjakaup um 14 mkr. Útgjöld vegna rekstrarleigusamninga urðu þó minni en áætlað var vegna styrkingar krónunnar. Afgangur á þessum lið var 20,5 mkr.


5) Sértekjur

Nokkur hækkun varð á sértekjum umfram áætlun, eða 2,9%. Ástæður þess voru m.a. tilfallandi sala á tækjabúnaði, seld þjónusta og endurgreiðsla á kostnaði vegna samstarfsverkefnis við erlenda aðila sem að hluta á sér mótvægi í útgjöldum. Einnig urðu vaxtatekjur hærri en áætlað var.


6) Áætlun samtals

Frávik frá áætlun á rekstrargrunni (laun, almenn rekstrargjöld og sértekjur) urðu neikvæð um rúmar 40 mkr. samtals en á framkvæmdaliðum var afgangur um 35 mkr. Í heildina fór því rekstur ársins aðeins um 5 milljónir fram úr áætlun eða 0,1%

Skipting launa




Stöður 2003 til 2010





Setnar stöður - samanburður milli ára - (Afleysingar meðtaldar)	2010	2009	2008	10/09	10/08
Sérfræðingar og stjórnendur í lækningum	38,9	40,1	42,7	-1,2	-3,8
Aðstoðarlæknar	13,3	12,0	13,7	1,3	-0,4
Læknar	52,2	52,1	56,4	0,1	-4,2
Lyfjafræðingar	1,5	1,5	1,5	0,0	0,0
Lífeindafræðingar	21,9	21,1	21,1	0,8	0,8
Geislafræðingar	9,3	8,7	8,9	0,6	0,4
Sjúkraþjálfarar	7,2	7,3	8,0	-0,1	-0,8
Iðjuþjálfar	6,6	6,2	6,5	0,4	0,1
Aðrir og aðstoðarmenn	10,6	11,0	12,5	-0,4	-1,9
Geisla-, lyfja- og lífeindafr., þjálfarar	57,1	55,8	58,5	1,3	-1,4
Stjórnendur í hjúkrun, verkefnastjórar	12,7	13,2	14,5	-0,5	-1,8
Hjúkrunarfr., ljósmæður, nemar	122,8	133,9	131,9	-11,1	-9,1
Hjúkrunarfræðingar, ljósmæður	135,6	147,1	146,4	-11,6	-10,9
Sjúkraliðar og nemar	52,6	59,1	67,5	-6,5	-14,9
Deildarritarar	2,9	2,8	3,8	0,1	-0,9
Ræsting, býtibúr.....	28,4	27,3	29,4	1,1	-1,0
Aðstoð við hjúkrun	7,0	7,1	7,2	-0,1	-0,2
Sjúkraliðar og aðstoð v. hjúkrun	90,9	96,3	107,9	-5,4	-17,0
Sálfræðingar, djákni, prestur	4,8	4,2	4,5	0,6	0,3
Félagsráðgjafar	2,7	3,2	3,9	-0,5	-1,2
Kennsla og bókasafn.....	4,1	3,8	2,1	0,3	2,0
Félagsleg þjónusta og kennsla	11,6	11,2	10,5	0,4	1,1
Forstöðumenn þjónustudeilda	3,0	3,0	3,2	0,0	-0,2
Aðstoðarmenn	21,9	22,8	25,5	-0,9	-3,6
Eldhús, saumastofa, ræsting	24,9	25,8	28,7	-0,9	-3,8
Trésmiðir og pípulagningamenn.....	3,7	4,4	4,0	-0,7	-0,3
Tæknimenn	4,0	4,0	4,0	0,0	0,0
Öku- og verkamenn.....	4,3	3,8	3,9	0,5	0,4
Tæknimenn.....	12,0	12,2	11,9	-0,2	0,1
Stjórnendur, skrifstofumenn	21,4	22,3	24,5	-0,9	-3,1
Tölvunar- og kerfisfræðingar	5,2	4,9	5,1	0,3	0,1
Móttökuritarar	8,8	8,2	7,4	0,6	1,4
Læknaritarar	28,6	28,8	29,9	-0,2	-1,3
Stjórnun og skrifstofufólk	64,0	64,2	66,9	-0,2	-2,9
Samtals	448,3	464,7	487,2	-16,4	-39,0

Skipting mönnunar 2010




<i>Setnar stöður eftir deildum - samanburður milli ára - (Afleysingar meðtaldar)</i>	2010	2009	Mism.
Deild			
Handlækningadeild	42,1	44,9	-2,8
Augnlækningadeild	0,7	0,8	-0,1
Bæklunardeild	7,7	7,4	0,3
Háls- nef- og eyrnadeild	1,5	1,5	0,0
Samtals H-O-A-HNE.....	52,0	54,6	-2,6
Slysadeild	20,2	20,6	-0,4
Svæfingadeild	6,3	6,8	-0,5
Gjörgæsludeild.....	24,5	25,9	-1,4
Skurðeild	15,0	17,1	-2,1
Kvennadeild	25,1	26,1	-1,0
Lyflækningadeild	48,5	49,4	-0,9
Rannsóknastofa í lífeðlisfræði	2,1	2,0	0,1
Dag- og göngudeild lyflækninga	9,1	10,1	-1,0
Sel - hjúkrunardeild		2,5	-2,5
Öldrunarlækningadeild.....	26,1	27,9	-1,8
Endurhæfingaradeild	25,5	24,9	0,6
Sjúkraþjálfun	10,7	10,8	-0,1
Barnadeild	18,8	19,6	-0,8
Barna- og unglingsgeðdeild	2,1	1,9	0,2
Geðdeild	23,6	27,0	-3,4
Dag- og göngudeild geðeildar	8,8	6,7	2,1
Myndgreiningardeild	20,2	19,9	0,3
Speglunardeild	2,7	2,4	0,3
Rannsóknadeild	24,1	24,2	-0,1
Meinafræðideild	2,3	2,9	-0,6
Skrifstofa forstjóra	11,9	11,8	0,1
Skrifstofa fjármála	13,2	14,2	-1,0
Sjúkraflutningaskóli	0,7	0,7	0,0
Tölvu- og upplýsingatæknideild	5,2	4,9	0,3
Eldhús	17,4	17,1	0,3
Apótek	1,5	1,5	0,0
Deild kennslu og vísinda	3,4	3,3	0,1
Vörulager	2,3	2,3	0,0
Trúarleg þjónusta	1,1	1,1	0,0
Húsumsjón	8,0	8,2	-0,2
Tæknideild	4,0	4,0	0,0
Saumastofa	1,3	1,3	0,0
Ræsting	4,7	5,0	-0,3
Dauðhreinsun	3,4	3,4	0,0
Skjalasafn	2,5	2,6	-0,1
SAMTALS	448,3	464,7	-16,4




Fjöldi starfmannna á launaskrá eftir kyni og stéttarfélögum

Stéttarfélag	Karlar	Konur	Samtals
Eining Iðja	3	88	91
Félag ísl. hjúkrunarfræðinga	4	204	208
Félag lífeindafræðinga		23	23
Félag náttúrufræðinga		1	1
Iðjupjálfafeðlag Íslands		12	12
Kjarafélag viðskipta -og hagfræðinga	1	1	2
Kjaranefnd	1		1
Kjölur	29	163	192
Ljósmeðrafélag Íslands		24	24
Lyfjafræðingafélag Íslands	1	1	2
Læknafélag Íslands	93	41	134
Rafiðnaðarsamband Íslands		2	2
Sjúkraliðafélag Íslands	1	46	47
Starfsmannafélag ríkisstofnana	1		1
Fræðagarður		2	2
Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga		1	1
Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa	2	2	4
Stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi	1	4	5
Stéttarfélag sjúkrapjálfa	1	12	13
Stéttarfélag verkfræðinga	1	1	2
Félag tæknifræðinga	1		1
Utan stéttarfélaga	3	22	25
Samtals	145	648	793

Starfshlutfall



Aldursdreifing



Meðal lífaldur allra starfsmanna var 46,5 ár.

Heiti deilda sem táknuð eru með bókstöfum

- A Augnlækningadeild
- E Háls-, nef- og eyrnadeild
- F Kvennadeild
- H Handlækningadeild
- I Gjörgæsludeild
- K Barnadeild
- L Lyflækningadeild
- O Bæklunardeild
- P Geðdeild
- R Endurhæfingardeild
- Ö Öldrunarlækningadeild

Fjöldi sjúklinga (dvalir)

Nafn	Jan	Feb	Mar	Apr	Mai	Jún	Júl	Ág	Sep	Okt	Nóv	Des	Innl. '31/12	Samt.
H-O-A-E-F-deildir	175	157	178	130	141	108	97	110	152	161	175	133	8	1.725
Gjörgæsludeild	58	46	57	44	42	25	27	24	50	54	51	30	3	511
Kvennadeild	95	93	90	77	105	101	135	105	152	102	87	80	11	1.233
<i>þar af nýburar</i>	40	39	35	31	48	44	59	46	70	45	40	38	4	539
Lyflækningadeild	110	94	111	110	104	103	100	113	123	115	115	126	18	1.342
Endurhæfingardeild	9	7	15	15	9	16	5	4	19	17	12	19	0	147
Öldrunarlækningadeild	15	8	8	9	13	17	0	0	6	10	8	14	8	116
Barnadeild	37	41	45	50	46	38	34	27	47	43	51	30	7	496
<i>þar af nýburastofa</i>	6	1	3	3	6	7	1	1	8	3	6	6	1	52
Geðdeild	19	21	24	28	24	19	21	17	20	23	29	24	5	274
Legudeildir	518	467	528	463	484	427	419	400	569	525	528	456	60	5.844

Fjöldi koma

Innritunarmiðstöð	64	62	61	62	15			7	81	61	62	40		515
Endurh.deild. dagdeild	165	156	186	152	175	163	60	99	192	182	261	163		1.954
Dag- og göngudeild lyfl.	93	114	159	156	141	139	112	142	159	148	199	134		1.696
Barnadeild. dagdeild	54	39	43	39	17	19	10	13	41	30	36	28		369
Geðdeild - dagvist (PD)	49	62	56	41	40	30	35	22	34	55	70	46		540
Geðdeild - dagdeild														499
Dagdeildir	425	433	505	450	388	351	217	283	507	476	628	411	0	5.573
Samtals sjúklingar	943	900	1.033	913	872	778	636	683	1.076	1.001	1.156	867	60	11.417

Fjöldi sjúklinga á legudeildum 2010 miðast við útskriftir. Til og með 2009 var miðað við innlagnir.

Fjöldi koma á dagdeildir 2010 telst miðað við hvern dag. Til og með 2009 var fjöldi einstaklinga talinn miðað við hver mánaðamót.

Fjöldi legudaga

Nafn	Jan	Feb	Mar	Apr	Mai	Jún	Júl	Ág	Sep	Okt	Nóv	Des	Samtals
H-O-A-E-F-deildir	562	524	483	457	574	338	376	363	429	582	555	437	5.680
Gjörgæsludeild	82	84	90	66	101	80	58	64	95	105	91	69	982
Kvennadeild	230	248	242	187	282	211	306	286	291	238	234	178	2.932
<i>þar af nýburar</i>	75	90	91	64	102	71	110	96	107	81	95	60	1.042
Lyflækningadeild	552	450	527	557	554	516	487	533	536	479	533	523	6.246
Endurhæfingardeild	392	438	542	504	458	445	371	432	400	412	340	227	4.961
Öldrunarlækningadeild	492	460	518	484	460	247	0	0	321	425	421	352	4.179
Barnadeild	96	104	93	121	145	110	72	82	136	104	130	72	1.265
<i>þar af nýburastofa</i>	21	8	0	7	9	57	12	17	49	1	17	17	214
Geðdeild	239	266	259	237	243	199	183	206	226	254	276	258	2.845
Legudeildir	2.646	2.573	2.753	2.613	2.817	2.146	1.852	1.965	2.433	2.598	2.579	2.115	29.090

Fjöldi sjúklinga á legudeildum 2010 miðast við útskriftir. Til og með 2009 var miðað við innlagnir.

Fjöldi sjúklinga og legudaga, samanburður milli ára

	Fjöldi þjónusturýma	Legudagar				Sjúklingar (dvalir)			
		2010	2009	Mism.	%	2010	2009	Mism.	%
H-O-A-E-F deildir	26	5.680	5.657	23	0,4	1.725	1.713	12	0,7
Kvennad., fæðingar og meðg.		2.932				1.233			
<i>þar af nýburar</i>		1.042				539			
Kvennadeild án nýbura	13	1.890	1.839	51	2,8	694	644	50	7,8
Gjörgæsludeild	5	982	897	85	9,5	511	490	21	4,3
Lyflækningadeild	23	6.246	7.313	-1.067	-14,6	1.342	1.477	-135	-9,1
Endurhæfingardeild	1) 19	4.961	4.911	50	1,0	147	182	-35	-19,2
Öldrunarlækningadeild	1) 17	4.179	5.438	-1.259	-23,2	116	135	-19	-14,1
Barnadeild og nýburar		1.265				496			
<i>þar af nýburastofa</i>		214				52			
Barnadeild án nýbura	5	1.051	1.125	-74	-6,6	444	445	-1	-0,2
Geðdeild	10	2.845	2.880	-35	-1,2	274	268	6	2,2
Legudeildir (án nýbura)	118	27.834	30.060	-2.226	-7,4	5.253	5.354	-101	-1,9
Komur/legudagar									
Innritunarmiðstöð		515	528	-13	-2,5				
Kvennadeild. nýburar		1.042	1.074	-32	-3,0				
Dag- og göngudeild lyflækninga	7	1.696	1.486	210	14,1				
Endurhæfingardeild	8	1.954	1.499	455	30,4				
Barnadeild dagdeild	2	369	510	-141	-27,6				
Barnadeild. nýburastofa	2	214	310	-96	-31,0				
Geðdeild - dagvist (PD)	1	540	481	59	12,3				
Geðdeild - dagdeild		499	158	341	215,8				
Dagdeildir og nýburar, komur	20	6.829	6.046	783	13,0				
Samtals	138	34.663	36.106	-1.443	-4,0				

1) Hjúkrunarrými í notkun voru samtals 7 í árslok 2010, 2 á endurhæfingardeild og 5 á öldrunarlækningadeild.

Á árinu 2010 var einni 4ra manna stofu á öldrunarlækningadeild breytt í 2 einbýli og rúmum fækkað um 2.

Fjöldi sjúklinga á legudeildum 2010 miðast við útskriftir. Til og með 2009 var miðað við innlagnir.

Fjöldi koma á dagdeildir 2010 telst miðað við hvern dag. Til og með 2009 var fjöldi einstaklinga talinn miðað við hver mánaðamót.

Kyn og meðalfjöldi legudaga

	Dvalir			Meðalfjöldi legudaga		
	Kvk	Kk	Samtals	Kvk	Kk	Bæði kyn
H-O-A-E-F-deildir	951	766	1.717	3,2	3,3	3,3
Gjörgæsludeild	277	231	508	1,7	2,2	1,9
Kvennadeild, fæðingar og meðganga	926	296	1.222	2,5	2,0	2,4
Lyflækningadeild	680	644	1.324	4,7	4,5	4,6
Endurhæfingardeild	81	66	147	31,7	36,2	33,7
Öldrunarlækningadeild	65	43	108	38,9	24,5	33,2
Barnadeild	229	260	489	2,5	2,5	2,5
Geðdeild	159	110	269	9,8	11,2	10,4
Samtals legudeildir	3.368	2.416	5.784	4,85	4,91	4,87



Ferliverk lækna (göngudeildarþjónusta)

	Viðtöl					
	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Augnlækningar				26		
Barnalækningar	1.280	1.228	1.186	1.440	1.522	1.551
Barna- og unglíngageðlækningar		316	888	963	958	936
Bæklunarlækningar	1.852	2.006	2.006	1.963	1.939	1.599
Geðlækningar	1.970	2.020	2.416	2.696	2.389	2.350
Háls-nef- og eyrnalækningar	854	353	174	329	348	269
Kvensjúkdómalækningar	1.060	1.310	2.078	2.300	2.731	2.782
Lyflækningar	2.555	2.630	3.046	3.252	3.516	3.055
Handlækningar	1.079	1.130	1.145	1.085	952	974
Svæfingalækningar	357	251	347	360	322	237
Öldrunarlækningar	76	103	97	120	112	80
Krabbameinslækningar	221	230	272	309	421	260
Endurhæfingarlækningar				173		
Samtals	11.304	11.577	13.655	15.016	15.210	14.093

	Einingar					
	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Augnlækningar *	23.980	33.684	21.869	24.478	37.794	37.321
Barnalækningar	25.195	25.906	24.924	30.714	32.405	35.968
Barna- og unglíngageðlækningar		22.806	49.385	54.432	52.742	53.825
Bæklunarlækningar	122.945	117.297	114.245	109.560	101.155	80.682
Geðlækningar	44.130	44.455	50.458	59.151	52.289	51.068
Háls-nef- og eyrnalækningar	46.775	45.651	47.511	37.342	24.173	15.496
Kvensjúkdómalækningar	75.464	81.511	90.245	86.878	97.003	91.823
Lyflækningar *	156.508	160.144	173.269	207.035	224.600	200.535
Handlækningar	99.286	109.185	112.799	91.216	73.413	59.866
Svæfingalækningar	163.453	155.931	171.247	148.827	120.698	82.680
Öldrunarlækningar	1.542	2.056	1.987	2.516	2.501	2.813
Krabbameinslækningar	6.396	7.034	7.889	9.093	12.209	7.540
Endurhæfingarlækningar				6.055		0
Samtals	765.674	805.660	867.835	867.297	830.982	719.616

Önnur göngudeildarþjónusta

	Komur					
	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Göngudeild geðdeildar	993	1.232	1.250	1.470	1.451	1.629
Barna- og unglíngageðdeild	69	283	382	424	96	329
Ljósamedferð v. húðsjúkdóma			417	1.978	1.667	1.714
Sárameðferð				328	534	670
Samtals	1.062	1.515	2.049	4.200	3.748	4.342

* Árið 2010 voru endurseldar einingar til Sjúkratrygginga Íslands: 17.679 vegna augnsteinnaaðgerða. 6.289 vegna húðsjúkdómalækninga. 1.602 vegna innkirtlalækninga og 9.701 vegna taugalækninga. Samtals 35.271.

Tölulegar upplýsingar – Starfsmenn í desember

Yfirlit um starfsemi

	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Sjúklingafjöldi legudeildir	5.733	5.647	5.585	5.607	5.354	5.253
Sjúklingafjöldi dagdeildir	1.349	1.494	1.829	1.928	1.937	5.110 ¹⁾
Sjúklingafjöldi nýbúrar F-deild	461	463	487	460	475	539
Sjúklingafjöldi innritunarmiðstöð	501	444	501	644	528	515
Sjúklingafjöldi samtals	8.044	8.048	8.402	8.639	8.294	11.417¹⁾
Legudagafjöldi legudeildir	39.989	38.976	37.992	35.595	30.060	27.834 ²⁾
Legudagafjöldi dagdeildir (komur)	4.506	5.159	5.244	5.226	4.444	5.272
Legudagafjöldi nýbúrar F-deild	1.234	1.106	1.101	1.019	1.074	1.042
Legudagafjöldi innritunarmiðstöð	501	444	501	644	528	515
Legudagafjöldi samtals	46.230	45.685	44.838	42.484	36.106	34.663²⁾
Meðallegutími (dagar á legud.)	6.9	6.9	6.8	6.3	5.6	4.9
Skurðaðgerðir	3.906	4.123	4.287	3.555	3.055	2.678
Þar af gerviliðaaðgerðir	164	160	180	221	226	241
Fæðingar	424	435	450	434	446	515
Slysadeildarkomur	10.860	10.845	11.578	12.463	12.293	12.308
Almennar rannsóknir	216.213	223.753	230.211	233.742	201.144	189.035 ³⁾
Vefjarannsóknir. fjöldi glerja	9.231	9.621	9.123	9.764	9.894	9.674
Röntgenrannsóknir	23.418	23.045	23.740	25.511	23.843	23.237
Sjúkraflug	314	452	489	495	395	440
Ómskoðanir á hjarta	859	954	951	1.180	1.063	1.049
Hjartarit	2.660	2.679	2.688	2.941	2.713	2.495
Heilalínurit	112	127	117	129	104	120
Áreynslurit	696	669	717	723	800	712
Öndunarmælingar	205	199	209	233	210	141
Holter rit	415	424	420	466	477	483
Speglanir	1.363	1.394	1.406	1.550	1.419	1.416
Setnar stöður (með afleysingum)	484.2	481.6	480.4	487.2	464.7	448.3
Rekstrargj. á verðl. hvers árs (þús. kr)	3.375.344	3.738.176	4.157.079	4.746.656	4.672.351	4.727.548
Rekstrargj. á föstu verðlagi (þús. kr)	4.852.341	4.913.151	5.098.711	5.293.776	4.806.596	4.727.548

- 1) Fjöldi koma á dagdeildir 2010 telst miðað við hvern dag. Til og með 2009 var fjöldi einstaklinga talinn miðað við hver mánaðamót. Talan fyrir 2010 er því ekki sambærileg við fyrri ár.
- 2) Fjöldi sjúklinga á legudeildum 2010 miðast við útskriftir. Til og með 2009 var miðað við innlagnir.
- 3) Með nýju rannsóknakerfi sem tekið var í notkun í maí 2010 breyttust forsendur fyrir talningu. Miðað við fyrri forsendur hefðu rannsóknir orðið um 6.000 fleiri og fækkun á milli ára um 3% í stað 6%.

Þróun í starfsemi

